

MOSFELLINGUR

11. TBL. 21. ÁRG. FIMMTUDAGUR 15. SEPTEMBER 2022 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Eva Björg, Sigrún og Agnes Wild stofnuðu leikhópinn Miðnætti

BÆJARLISTAMENN MOSFELLSBÆJAR



BÆJARLISTAMENNIRNIR 2022
VORU ÚTNEFNDIR Í TÚNINU HEIMA

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Dalatangi - raðhús

Fallegt 144,2 m² raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu. Hellulagt bílapan og fallegur garður með timburverönd og heitum potti í suðvesturátt.

V. 89,9 m.



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNID!

MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg
inn í sumarið



Hyrjarhöfða 2
S. 558 0888
www.redder.is

MIKID ÚRVAL AF FALLEGUM
TERTUM Í MOSFELLSBAKARII!



HÁHOLT 13-15
HÁLEITISBRAUT 58-60

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



BÍLALEIGA
Á STAÐNUM



CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 6. október

...og þá kom sumarið

Hverjar eru líkurnar á að sumar-daginn fyrsta beri upp á sama dag og bæjarhátíð Mosfellsbæjar í lok ágúst, og það eftir tveggja ára sam-



komupásu? Þessi helgi var með ólíkindum og fer í sögubækurnar. Það má segja að sprenging hafi orðið í þátttöku á öllum vígstöðvum. Mosfellingar eiga heiður skilið fyrir skemmtilega og eftirminnilega hátíðarhelgi.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingar

Í blaðinu í dag birtum við einmitt Ífjölmar gar myndir frá hinum ýmsu sjónarhornum bæjarhátíðarinnar. Þá segjum við einnig frá þeim fjölmörgu viðurkenningum sem veittar voru í tóninu heima. Hæst ber að nefna bæjarlistamenn Mosfellsbæjar 2022, en það eru snillingarnir okkar sem alist hafa upp í leikhúsinu, skólahljómsveitinni og skólakórnum. Þær hafa svo sannarlega auðgað menningarlíf okkar Mosfellinga, Agnes Wild og systurnar Eva Björg og Sigrún Harðardætur. Til hamingju með nafnbótina og vonandi fáum við notið óþrjótandi krafta ykkar sem lengst.



ÍSFUGL

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...



PÉTUR ÞORSTEINSSON FRÁ DALLANDI (1921-1993)

Árið 1969 var haldið hátíðlegt 60 ára afmæli Ungmennafélagsins Aftureldingar í Hlégarði. Á samkomunni var m.a. sungið og frumflutt ljóð eftir Pétur Þorsteinsson frá Dallandi, sem fjallar um vaxandi fjölda íbúa að byggja sér fram-tíðarheimili: Í Dal og Hverfi, Holti og Túnunum,

heimilið ég byggja vil. Lagboðinn var lagið við Kaprí Katarínu. Enn þann dag í dag syngja Mosfellingar þennan texta á góðvinafundum. Pétur var um tíma kennari við Brúarlandsskóla en síðan um langt skeið sýslumaður Dalamanna í Búðardal.



Kennarinn. Mynd eftir Ragnar Lár frá árinu 1966.

Til vinstri má sjá Pétur flytja hátíðarræðu 17. júní árið 1969 við Varmárrskóla.

Munum öll að Mosfellssveitin

Munum öll að Mosfellssveitin mótar enn sín fósturbörn. Sundin fríðu, fellin, leitinn furðugil og heiðartjörn. Manstu kvöld í mánbliki morgunglóð við fjörusand hörpu slegna í vatnaviki vafið töfrum gríðaland.

Nes og tangar fljóta í friði faldar ströndin ögurgjörð. Heiðafía með hamrariði um huldubbyggðir stendur vörð.

Eyjar, vikur, ár og vogar una sér við bárukoss í vestra brenna vafurlogar vakir í austri Tröllafoss.

Í dal og Hverfi, Holti og Túnun heimilið ég byggja vil. Í þessum faðmi fagurbúnum finnst mér best að vera til. Undur vors og angan seiða, einnig haust með hríngan svip. Sakna mundi hafs og heiða hér bý ég mitt draumaskip.

Fellid í arma fjalla og dala fyrst og síðast minnumst þín sveitin þekka í þögn mun tala þér svo býður heim til sín.

Eyjar, vikur, ár og vogar una sér við bárukoss í vestra brenna vafurlogar vakir í austri Tröllafoss.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn
- 7.600 kr. á mánuði

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil Karlsson
Aðstoðarmaður fasteignasala



FOSSATUNGA

164,4 m² einbýlishús á einni hæð. Þetta er góður kostur fyrir laghenta. Einnig fylgir eigninni byggingareitur sem gefur mikla möguleika.

V. 85,0 m.



KLAPPARHLÍÐ 6

Bjart og fallegt 168,5 m² raðhús á tveimur hæðum. Fallegt útsýni. Hús með möguleika á 4 svefnherbergjum (eru í dag 3 svefnherbergi + sjónvarpshol).

V. 116,9 m.



GRENIBÝGGÐ

164,5 m² parhús með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu.

V. 114,9 m.



SPÓAHÖFÐI

Falleg 209,4 m² efri sérhæð með sérinngangi og bílskúr í tvíbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, fjögur svefnherbergi, stofu, baðherbergi, eldhús, geymslu og bílskúr/þvottaherbergi.

V. 113,5 m.



SPÓAHÖFÐI

79,4 m² íbúð á jarðhæð með sérinngangi í tvíbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottaherbergi, eldhús, stofu, svefnherbergi og geymslu.

V. 54,9 m.



FÁLKAHÖFÐI

Björt 104,6 m² endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð með sérinngangi af opnum svalagangi, ásamt 29,2 m² endabílskúr. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu/borðstofu, geymslu og bílskúr.

V. 79,0 m.



MEÐ BÍLSKÚR

BLÍKAHÖFÐI

Falleg 84,6 m² íbúð með fallegu útsýni á 2. hæð, ásamt 29,2 m² endabílskúr. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu/borðstofu, geymslu og bílskúr.

V. 71,9 m.



GERPLUSTRÆTI 20

Mjög falleg og vel skipulögð 107,3 m², 3-4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með sérinngangi af opnum svalagangi, ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir í suðurátt með fallegu útsýni. Í eigninni er tvö svefnherbergi en auðvelt er að bæta 3ja svefnherberginu við.

V. 74,9 m.



GERPLUSTRÆTI 37

Björt og vel skipulögð, 114,7 m², 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottaherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Úr stofu er gengið út á 36 m² séráfnatærit. Sérgeymsla í sameign.

V. 76,9 m.



KLAPPARHLÍÐ 32

Falleg 66,1 m², 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af opnum svalagangi á efstu hæð. Fallegt útsýni. Eignin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu.

V. 51,9 m.



KLAPPARHLÍÐ 9

Falleg og björt 87,5 m², 3ja herbergja endaíbúð með sérinngangi og afgirri timburverönd á jarðhæð. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu.

V. 64,9 m.



BLÍÐUBAKKI

Vel staðsett hesthús með kaffistofu á millilofti. Hesthúsið rýmir 11 hesta og skiptist í sex stúur þar af eina eins hesta stúur og fimm tveggja hesta stúur.

V. 29,8 m.



BUGÐUFLJÓT

113,6 m² atvinnuhúsnæði með tveimur innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð. Eignin er stór salur með salerni, geymsluloft er yfir salerni, Gólfhiti er í húsnæðinu. Eigninni fylgir 4 bílastæði, tvö fyrir framan hurð og tvö á bílastæði fyrir framan húsið. Möguleiki á stóru millilofti.

V. 44,9 m.



BRÚARFLJÓT

Atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Innkeyrsludyr og göngudyr eru á bilinu. Eignin er skráð 59,5 m² iðnaðarhúsnæði á jarðhæð en auk þess er milliloft ca. 50 m² samtals ca. 110 m². Bílastæði eru malbikuð. Engin vsk-kvöð er á eigninni.

V. 33,0 m.

Mosfellingur í beinni með Regínu

Í kosningabaráttunni hóf Mosfellingur nýjan dagskrárlíð á samfélagsmiðlinum Instagram sem fékk nafnið Mosfellingur í beinni. Þá voru oddvitar stjórnmaálaflanna teknir tali í beinni útsendingu og áhorfendum gefinn kostur á því að spyrja þeirra spurninga. Tókst þessi nýjung með miklum ágætum og fjölmargir sem fylgdust með og gátu kynnst frambjóðendum betur. Einnig hefur verið hægt að fletta upp spjallinu eftir á. Nú ætlar Mosfellingur að halda áfram á þessum nótum og kynnst nýjum bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Regínu Ásvaldsdóttur, sem tók til starfa í upphafi mánaðar. Útsendingin fer fram á Instagram-síðu Mosfellingur og hægt verður að fylgjast með á www.instagram.com/mosfellingur. Regína var ráðin til starfa eftir að Framsókn, Samfylking og Viðreisn mynduðu nýjan meirihluta að loknum sveitarstjórnkosningunum í vor. Mosfellingur og Regína verða í beinni útsendingu á Instagram þriðjudaginn 20. september kl. 20.



Bleika hverfið það best skreytta í ár

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar fékk það hlutverk að vera í dómnefnd þegar kom að því að velja flottustu skreytingar bæjarins á bæjarhátíðinni í tóninu heima og fór vítt og breytt um bæinn. Ánægjulegt var að sjá hversu margir Mosfellingar skreyttu hjá sér, en bænum er skipt í fjóra líti. Niðurstaða dómnefndar í vali á best skreyttu hverfunum: Best skreytta húsið: Dvergholt 20 (rauða hverfið) „Metnaður í heimagerðum skreytingum tók af allan vafa þetta árið.“ Best skreytta gatan: Rituhöfði (gula hverfið) „Það er ekkert að því að vera metnaðarfull. Lykilatriðið er að leggja vinnu í það ár eftir ár.“ Dómnefndinni fannst vera kominn tími til að hvetja svara(r) fólkið til að taka þátt. Best skreyttu svalirnar (nýr flokkur): Endurvinnslusvalirnar á Gerplustræti 7-9 (bláa hverfið). „Frábært framtak í að nýta notað til skreytinga og öðrum til eftirbreytni.“ Best skreytta hverfið 2022: bleika hverfið: „Kannski var það hæð trjáa í þessu hverfi en það var einhvern veginn svo áberandi bleikt.“ Á myndinni má sjá dómnefndina að störfum.



HJÓLAÐ YFIR BRÚNA



SAMGÖNGUTRÍÓIÐ TEKUR LAGIÐ

Samstarfsverkefni Mosfellsbæjar og Vegagerðarinnar • Stígur í gegnum Ævintýragarðinn

Nýr samgöngustígur vígður

Nýr og glæsilegur samgöngustígur í Mosfellsbæ var vígður formlega í vikunni fyrir bæjarhátíðina að viðstöddu fjölmenni. Hópur barna úr Krikaskóla kom sérstaklega til að hjóla á nýja stígnum.

Samgöngustígurinn er samstarfsverkefni Mosfellsbæjar og Vegagerðarinnar og eitt af fyrstu stígaverkefnum sem heyrir undir Samgöngusáttmálann.

Samgöngustígurinn liggur í gegnum Ævintýragarðinn frá íþróttasvæðinu við Varmá og að Leirvogstungu. Um er að ræða tæplega 1,7 km langan og 5 m breiðan stíg, þar sem annars vegar eru hjólaeinar hvor í sína áttina og hins vegar hefðbundinn göngustígur. Hluti þessara framkvæmda var bygging tveggja nýrra brúa, yfir Varmá og Köldukvísl.

Krakkar úr Krikaskóla klipptu á borða

Þau Ásgeir Pétur Ásgeirsson og Elísabet Steinunn Andradóttir, í 4. bekk í Krikaskóla, klipptu á borðann við vígsluna. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samganga ohf. og Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs í Mosfellsbæ sögðu nokkur orð við athöfnina. Tindatrióíð söng nokkur lög og að lokinni athöfn hjóluðu nemendur í 4. bekk í Krikaskóla eftir hinum nývígða stíg.

Börnum og öðrum gestum var síðan boðið upp á safe, kaffi og kleinur. Undir



KLIPTT Á BORDANN OG SAMGÖNGU-STÍGURINN OPNAÐUR FORMLEGA

söng tríóíð og fékk þá liðsauka frá Sigurði Inga í einu laginu.

Lokafrágangur í sumar

Mosfellsbær hélt utan um verkið, stýrði hönnun, sá um útbod og var formlegur verkkaupi verksins. Vegagerðin hafði umsjón með umferðaröryggisrými og var

Mosfellsbæ innan handar við verkið eftir því sem þörf var á.

Hönnun verksins var í höndum Mannvits og Landmótunar. Verktakinn var Karína ehf. og VSÓ Ráðgjöf annaðist eftirlit.

Framkvæmdir hófust síðla hausts árið 2020 en mest var um að vera 2021. Í vor og sumar fór fram lokafrágangur.

Regína Ásvaldsdóttir tók til starfa 1. september • Krefjandi verkefni en ótal tækifæri

NÝR BÆJARSTJÓRI TEKINN TIL STARFA



AÐ LOKNUM BÆJARRÁÐSFUNDI 1. SEPTEMBER

Fimmtudaginn 1. september sat Regína Ásvaldsdóttir sinn fyrsta fund í bæjarráði Mosfellsbæjar en hún hefur áralanga farsæla reynslu af stjórnun og rekstri á vettvangi sveitarfélaga.

Hún var sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar s.l. fimm ár og gegndi áður stöðu bæjarstjóra Akraneskaupstaðar 2013-2017. Þá hefur hún starfað sem framkvæmdastjóri Festu, félags um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, verið skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra og sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar.

Regína er með meistarapróf í hagfræði frá Háskólanum í Aberdeen, diplóma í opinberri stjórnáslu og cand. mag. í félagsráðgjöf frá Háskólanum í Osló.

„Ég hlakka til þess að starfa með þessum öflugum hópi bæjarfulltrúa og starfsmanna í Mosfellsbæ. Það eru mörg krefjandi verkefni fram undan hjá Mosfellsbæ sem og öðrum sveitarfélögum á Íslandi en að sama skapi eru óteljandi tækifæri í þessum fallega og fjölskylduvæna bæ,“ segir Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 18. september

Kl. 13: Sunnudagaskóli í Lagafellskirkju
Kl. 20: Kvöldguðspjónusta í Lagafellskirkju

Sunnudagur 25. september

Kl. 11: Guðspjónusta í Mosfellskirkju
Kl. 13: Sunnudagaskóli Lagafellskirkju

Sunnudagur 2. október

Kl. 11: Guðspjónusta í Lagafellskirkju
Kl. 13: Sunnudagaskóli í Lagafellskirkju

Barnakór Lagafellssóknar

skránning hafin! (sjá auglýsingu)

Heilunarguðspjónusta

Föstudaginn 16. september kl. 20 í Lagafellskirkju í samvinnu Heimsljós.

Kyrrðardagar í Mosfellskirkju

Kyrrðardagar laugardagana 24. september og 1. október kl. 9 - 11. Nánari upplýsingar á heimasíðu.



Nánari upplýsingar á www.lagafellskirkja.is & endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlunum Facebook & Instagram.

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

4xe
PLUG-IN HYBRID



JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF OG NÝ ÆVINTÝRI MEÐ JEEP®

Jeep® Wrangler Rubicon, goðsögnin rafmagnaða, hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þessi kraftmikli jeppi er nú fáanlegur sem Plug-In Hybrid með einstökum drifbúnaði og hlaðinn tækninýjungum. Alvöru fjórhjóladrif fyrir ferðir sem krefjast alvöru jeppa. 35", 37" og 40" breytingapakkar í boði fyrir þá sem vita nákvæmlega hvernig búnað þarf í íslensk ævintýri.



500e

FIAT 500e

MEÐ 3+1 HURÐUM OG ALLT AÐ 433 KM DRÆGNI

HVAÐ NÆRÐU AÐ GERA Á FIMM MÍNÚTUM?

Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.

ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 5902300 • ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 10-16

Jeep



Sjúkratryggingar segja upp samningi

Sjúkratryggingar Íslands hafa einhliða sagt upp samningi við Reykjalundur, um starfsendurhæfingu sem þar er sinnt. Gefin er sú skýring að starfsemi þessi sé ekki heilbrigðisþjónusta heldur fremur félagslegt úrræði og því sé annarra en SÍ að greiða fyrir hana. Þjónusta þessi, sem allt að 50 manns hafa nýtt sér á hverju ári, verður því lögð af um áramótin. Áhersla er nú lögð á að útskrifa á næstunni sjúklinga, sem nú njóta þessarar þjónustu, enda er sumt af því starfsfólki sem henni sinnir á förum til annarra verka.



Síðasta úthlutun úr Samfélagssjóði KKB

Samfélagssjóður KKB auglýsir nú eftir umsóknum um styrki vegna þriðju og síðustu úthlutunar úr sjóðnum. Sjóðurinn var stofnaður eftir félagsslit Kaupfélags Kjalarnesþings árið 2016. Stefnt er að því að úthluta 28 milljónum en styrkir eru veittir hópum, sjálfseignarstofnunum og frjálsum félagasamtökum. Aðilar sem starfa með einum eða öðrum hætti í anda æskulýðs- og menningarmála, góðgerðar- og líknarmála eða hafa með höndum aðra þá starfsemi er horfir til almannaheilla á fyrrum félagssvæði Kaupfélags Kjalarnesþings hafa rétt til þess að senda inn umsókn. Nánari upplýsingar má finna á www.kaupo.is.

Lágafellssókn stofnar barnakór

Nýr barnakór í Mosfellsbæ hefur verið stofnaður og hefjast æfingar mánudaginn 19. september og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3. Stefnt verður að því að syngja alls konar skemmtileg lög og koma fram á viðburðum í Lágafellskirkju og jafnvel víðar. Kórstjóri verður Valgerður Jónsdóttir, tónmenntakennari, söng- og tónlistarkona, sem hefur áralanga reynslu af tónlistarvinnu með börnum. Þórður Sigurðsson organisti mun sjá um undirleik. Kóræfingar fara fram á mánudögum, 10-12 ára krakkar kl. 15.15-16 og 6-9 ára krakkar kl. 16.15-17. Gjald fyrir hvora önn er 8.000 kr. Nánari upplýsingar veitir Valgerður í gegnum netfangið valgerdur@lagafellskirkja.is.



Formennirnir Björn Traustason og Jónatan Grétarsson.



Notaleg stemming á milli fundarsetu. Hér yljur fólk sér við snarkandi eldi í Meltúnsreit.

Mosfellingar gestgjafar • Glæsileg dagskrá alla helgina • Hátt í 200 þátttakendur

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands haldinn í Mosfellsbæ

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands 2022 var haldinn í Mosfellsbæ fyrstu helgina í september. Upphaflega stóð til að Mosfellingar yrðu gestgjafar fundarins árið 2020 á 90 ára afmælisári Skógræktarfélagss Íslands en vegna heimsfaraldursins var loksins hægt að halda herlegheitin núna árið 2022.

Fundarhöldin fóru fram í Hlégarði auk þess sem farið var í hinar ýmsu vettvangsferðir. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Jónatan Garðarson formaður Skógræktarfélagss Íslands, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Þá fluttu erindi Tómas G. Gíslason um umhverfismál í Mosfellsbæ, Björn Traustason um sögu Skógræktarfélagss Mosfellsbæjar og Bjarki Bjarnason um Mosfellsheiði.

Skógræktarsvæðin í Mosfellsbæ skoðuð

Eftir erindin var farið í vettvangsferð um þrjú svæði Skógræktarfélagss Mosfellsbæjar. Byrjað var í Hamrahlíð þar sem Kristín Davíðsdóttir hélt stutta tölu. Þaðan var farið í elsta sitkagrenilundinn í Hamrahlíð frá 1957 þar sem Björn Traustason sagði frá umhirðu í reitnum.

Næst var farið í landnemareiti við Skarhólabraut og boðið var upp á skógarkaffi og lummur. Eftir það var farið í Meltúnsreit þar sem boðið var upp á veitingar og lifandi tónlist í brakandi blíðu. Þar var boðið upp á mat frá aðilum innan Mosfellsbæjar og kynningu á víni.

Hátíðarkvöldverður í Hlégarði

Laugardagurinn hófst með nefndarstarfi og áhugaverðum erindum í Hlégarði.



Stjórn Skógræktarfélagss Mosfellsbæjar í góðum félagsskap í einni af vettvangsferðum helgarinnar. Kristín, Ásdís, Björk, Gísli, Hrefna, Björn, Grétar, Samson og Ívar ásamt Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands og Vigdís Finnbogadóttur fyrrum forseta lýðveldisins.

Eftir hádegi var farið á Þingvelli þar sem haldið var upp á afmæli Skógræktarfélagss Íslands. Fyrsti viðkomustaður var Vínaskógur þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands gróðursetti tvö tré. Frú Vigdís Finnbogadóttir var meðal fundargesta og var Guðna innan handar við gróðursetningu trjánna. Þaðan var farið að furulundinum á Þingvöllum þar sem fyrstu trjánum

var plantað árið 1899.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður í Hlégarði þar sem boðið var upp á þriggja rétta kvöldverð og skemmtiatriði þar sem Diddú var fremst í flokki. Davíð Ólafsson fór á kostum sem veislustjóri og lék Tríóið Kókos fyrir dansi.

Á sunnudeginum lauk síðan dagskránni með hefðbundnum aðalfundarstörfum.



MÓTTAKA Í HAMRAHLÍÐARSKÓGI



SÍGRÍÐUR HREFNA, ÍVAR OG GÍSLI



VÍNBÆNDUR KYNNNA AFURÐIR



BIRGIR, MARÍA, ERICH OG ÞURÍÐUR



HREFNA, KRISTÍN, NÍNA, ELÍSBET OG BJÖRK



Jafnréttisdagur Mosfellsbæjar



verður haldinn í Hlégarði
22. september kl. 15

Dagurinn er haldinn til heiðurs Helgu J. Magnúsdóttur, sem varð fyrst kvenna oddviti Mosfellsbæjar. Helga lét sig málefni kvenna varða með ýmsum hætti.

Efnistöð dagsins í ár snúa að jafnrétti á vinnumarkaði út frá ólíkum aldurshópum.

„JAFNRÉTTI Á VINNUMARKAÐI“
Er jafnrétti eða mismunun vegna aldurs á vinnumarkaðnum?

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, formaður stéttarfélags Fræðagarðs í BHM og sérlegur ráðgjafi Kvenréttindafélags Íslands, verður fundastjóri dags-

JAFNRÉTTISDAGUR MOSFELLSBÆJAR
22. SEPTEMBER 2022 KL. 15 - 17

Erindi:

- Að brúa enn eitt bilið: Jafnrétti, vinnumarkaðurinn og kynslóðamunur
- Jafnrétti og atvinnuleit
- Grái herinn
- Reynslan af þroskaðra vinnuafli
- Ráðningarferlið út frá sjónarhóli ráðningaraðila
- Að byggja upp jafnréttismenningu í Mosfellsbæ

Allir velkomnir - Skráning óþörf - Heitt á könnunni



Reykjadalur í Mosfellsdal rampaður upp

Rampur númer 130 í átakinu Römpum upp Ísland var vígður við hátíðlega athöfn við sumarbúðirnar í Reykjadal á dögunum. Athöfnin var vel sótt í gleði og spenningi. Bryndís Thors, sem sækir sumararbúðirnar árlega, sá um að vígja rampinn. Við athöfnina tóku til máls Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Unnur Ösp Stefánsdóttir, móðir Bryndísar, Andrea Rói Sigurbjörns, forstöðumaður sumarbúða í Reykjadal og Hörður Sigurðsson, formaður Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Jón Jónsson, tónlistarmaður, tók einnig nokkur lög fyrir gesti og gangandi. „Römpum upp Reykjadal! Reynum að hjálpa öllum að komast leiðar sinnar, hvar sem er og hvenær sem er. Fleiri rampa, færri tálma. Ég hlakka alltaf til að fá að taka þátt í viðburðum á vegum Römpum upp Ísland og er dagurinn í dag engin undantekning,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands við þetta tækifæri. Haraldur Þorleifsson stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrtækisins Ueno er hvatamaður verkefnisins Römpum upp Ísland. Fyrsti rampurinn var vígður í vor en stefnt er að því að setja upp 1000 rampa um allt land á næstu fjórum árum.



VERÐLAUNAAFHENDING Í HLÉGARÐI

Leikhópurinn Miðnætti er bæjarlistamaður Mosfellsbæjar

ÁHERSLA Á VANDAÐ EFNI FYRIR BÖRN

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar var útnefndur við hátíðlega athöfn á bæjarhátúðinni í túninu heima.

Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar sér um val bæjarlistamanns ár hvert og veitti Hrafnhildur Gísladóttir formaður nefndarinnar þeim Agnesi Wild, Sigrúnu og Evu Björgu verðlaunagrip eftir listakonuna Ingu Elínu ásamt viðurkenningsangarfé sem fylgir nafnbótinni.

Áhersla á tengingu við Mosfellsbæ

Leikhópurinn Miðnætti stofnuðu þær Agnes Wild leikkona og leikstjóri, Sigrún Harð-

ardóttir tónlistarkona og Eva Björg Harðardóttir leikmynda- og búningahönnuður.

Allar ólust þær upp í Mosfellsbæ og hafa verið atkvæðamiklar í mosfellsku menningarlífi í gegnum tíðina. Stofnmeðlimir hópsins eiga grunn í Leikfélagi Mosfellsveitar, skólahljómsveitinni, tónlistarskólanum og skólakórnum. Í listrænu starfi leggur hópurinn áherslu á tengingu við Mosfellsbæ.

Áhersla á vandað menningarefni

Leikhópurinn hefur einbeitt sér að sviðslistum fyrir börn og var tilnefndur til Grímuverðlaunanna 2017 í flokknum

BÆJARLISTAMENN MOSFELLSBÆJAR



1995	Skólahljómsveit Mosfellsbæjar
1996	Leikfélag Mosfellsveitar
1997	Inga Elín Kristinsdóttir
1998	Sigrún Hjalmtýsdóttir
1999	Sigurður Þórólfsson
2000	Karlakórinn Stefnir
2001	Sigur Rós
2002	Anna Guðný Guðmundsdóttir
2003	Steinunn Marteinsdóttir
2004	Guðrún Tómasd. og Frank Ponzi
2005	Símon H. Ívarsson
2006	Jóhann Hjálmarsson
2007	Ólöf Oddgeirsdóttir
2008	Guðný Halldórsdóttir
2009	Sigurður Ingvi Snorrason
2010	Jón Kalman Stefánsson
2011	Bergsteinn Björgúlfsson
2012	Páll Helgason
2013	Ólafur Gunnarsson
2014	Kaleo
2015	Leikfélag Mosfellsveitar
2016	Greta Salóme Stefánsdóttir
2017	Davíð Þór Jónsson
2018	Steinþór Hróar Steinþórsson
2019	GDRN
2020	Óskar Einarsson
2021	Þórir Gunnarsson Listapúki
2022	Leikhópurinn Miðnætti

„Barnasýning ársins“ og „Dans og sviðshreyfingar ársins“ fyrir sýninguna Á eigin fótum. Leiðarljós í starfsemi hópsins er áhersla á vandað menningarefni fyrir börn og ungmenni.

Álfabörnin Þorri og Þura eru meðal sköpunarverka hópsins en einnig má nefna brúðusýninguna Geim-mér-ei í Þjóðleikhúsinu og Tjaldid í Borgarleikhúsinu. Báðar þessar sýningar eru ætlaðar yngstu leikhúsgestunum.

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



BINGÓ

Bingónefnd FaMos ætlar að halda bingó í borðsal Eirhamra **miðvikudaginn 21. september, kl. 13.30**. Eitt spjald, kaffi og meðlæti kostar 1000 kr og aukaspjald 300 kr. Góðir vinningar í boði. Hlökkum til að sjá þig.



GAMAN SAMAN 69 og sexy

Kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnardóttir ætlar að vera með

skemmtilegan fyrirlestur fyrir fólk á besta aldri í sal safnaðarheimilisins 3. hæð Þverholti 3, **22. september kl. 14**. Sigga Dögg er opin og skemmtileg svo búast má við líflegum og skemmtilegum fyrirlestri um málefni sem varðar okkur öll. Allir velkomnir.



DANS, DANS, DANS

Lokins getum við farið að dansa aftur saman með Auði Hörpu og ætlum við að byrja **fimmtudaginn 15. september kl. 14.40** og verður dansinn í sal íþróttahússins að Varmá. Þar

er rúmgott að vera. Í dansleikfimi er blandað saman gamalli og nýrri tónlist við alls konar dansspor og leikfimi, línudansi, zumbagold og alls konar sporum og úr verður frábær skemmtun við skemmtilega tónlist. Dansleikfimi hentar öllum, konum og körlum, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Kærleikskveðja Auður Harpa danskennari og íþróttarnefnd FaMos.



LJÓSÁLFAR - BASARHÓPUR

Vilt þú vera með okkur í hópi sem býr til fallega muni fyrir basarinn sem verður í nóvember 2022? **Við ætlum að hittast alla þriðjudaga kl. 13 í handverksstofunni Hlaðhömrum 2**. Ef svo er þá erum við alla þriðjudaga kl. 13 á Eirhömrum að skemmta okkur og hlæja saman og töfrum fram fallega muni. Allt efni er skaffað á staðnum og er því ekkert að vanbúnaði nema að mæta með góða skapið. Allir velkomnir að vera með jafn karlar sem konur. Hlökkum til að sjá ykkur öll. Vertu með.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRADRA í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður
s. 666 1040 jonass@islandia.is

Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður
s. 899 0378 hanna@smart.is


Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 margretjako@gmail.com

Kristbjörg Steingrimsdóttir ritari
s. 898 3947 krist2910@gmail.com

Þorsteinn Birgisson meðstjórnandi
s. 898 8578 thorsteinn.birgis@gmail.com

Guðrún K. Hafsteinsdóttir 1. varamaður
s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

Áshildur Þorsteinsdóttir 2. varamaður
s. 896 7518 asath52@gmail.com



Samfélagssjóður KKP

Auglýsing um 3. úthlutun styrkja úr sjóðnum

Samfélagssjóður KKP auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna þriðju og síðustu úthlutunar úr sjóðnum árið 2022.

Stefnt er að því að úthluta um 28 milljónum króna í þessari úthlutun.

Styrkir eru veittir hópum, sjálfseignarstofnunum og frjálsum félagasamtökum, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Sjóðurinn veitir ekki rekstrarstyrki.

Aðilar sem starfa með einum eða öðrum hætti í anda æskulýðs- og menningarmála, góðgerðar- og líknamála eða hafa með höndum aðra þá starfsemi er horfir til almannaheilla á fyrrum félagssvæði Kaupfélags Kjalarnespings hafa rétt til þess að senda inn umsókn.

Nálgast má umsóknareyðublað á heimasíðu sjóðsins www.kaupo.is og er umsóknarfrestur til og með **2. október 2022**.

Um Samfélagssjóð KKP

Við ákvörðun um félagsslit Kaupfélags Kjalarnespings árið 2016 var jafnframt ákveðið að stofna til Samfélagssjóðs KKP sem skyldi fá það hlutverk að úthluta fjármunum samfélagssjóðsins til æskulýðs- og menningarmála, góðgerðar- og líknarmála og annarrar starfsemi til almenningsheilla á fyrrum félagssvæði Kaupfélags Kjalarnespings sem nær yfir Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

Samfélagssjóður KKP er sjálfseignarstofnun og hefur sjóðurinn það hlutverk eitt að úthluta sem fyrr segir þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur yfir að ráða og að því loknu verður sjóðurinn lagður niður.

Mosfellsbæ í september 2022

Stjórn Samfélagssjóðs KKP

Reykjadalur nýtur stuðnings Palla Open góðgerðargolfmóts

Söfnuðu fyrir fjórum útivistarhjólástólum

Reykjadalur fékk á dögnum afhenta fjóra nýja útivistarhjólástóla sem safnað var fyrir á góðgerðargolfmóttinu Palla Open sem Golfklúbbur Mosfellsbæjar og Palli Líndal stóðu fyrir.

Mótið gekk vonum framan og var eitt það fjölmennasta sem haldið var á suðvesturhorninu í sumar. Alls söfnuðust 2,5 milljónir króna í tengslum við mótið sem hefur verið varið í kaup á útivistarhjólástólunum.

Stærsta opna mót sumarsins

Mótið var nú haldið í annað sinn á Hlíðavelli en Golfklúbbur Mosfellsbæjar lánar aðstöðuna og sér um umgjörð mótsins án nokkurrar þóknunar.

„Þetta er stærsta opna mótið sem við höldum í dag, rétt rúmlega 200 þátttakendur þannig að það er mikið líf og fjör á vellinum og því mikið sem þarf að huga að. Starfsmenn klúbbsins sem og sjálfboðaliðar sinna þeim störfum með mikilli þryði,“ segir Ágúst Jensson framkvæmdastjóri Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

Frá hugmynd að veruleika

„Hugmyndir mínar og golfklúbbsins fara



PALLI LÍNDAL VIÐ AFHENDINGUNA

mjög vel saman, við viljum styrkja okkar nærumhverfi í Mosfellsbæ í samstarfi við félagsmenn klúbbsins,“ segir Páll Líndal. Við viljum sýna samfélagslega ábyrgð í verkum okkar og hugmyndum. Ég er mjög stoltur í hjarta mínu yfir þessu verkefni og ég er stoltur af því að vera félagsmaður í Golfklúbb Mosfellsbæjar.

Ekkert svona verkefni getur orðið að veruleika nema með aðstoð og styrkjum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Ég vil þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra framlag og styrki,“ segir Palli.



Systurnar Áslaug Arna og Nina Kristín prófuðu fyrsta stólinn og starfsfólk Reykjadal og Golfklúbbs Mosfellsbæjar fylgdist spennu með. Afhendingin fór fram í Reykjadal í blíðskaparveðri í september.



10 ára afmælisútgáfa af Vögguvísur

Árið 2012 sendi tónlistarkonan og Mosfellingurinn Hafdís Huld frá sér plötuna Vögguvísur. Plötuna vann hún með eiginmanni sínum Alisdair Wright sem sá um gítarleik og upp-tökustjórn, en hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar þau áttu von á sínu fyrsta barni. Vögguvísur fékk strax góðar móttökur hjá börnum og foreldrum og fer aðdáendahópur plötunnar sívaxandi. Nú 10 árum síðar hefur þessi hugljúfa plata náð tvöfaldri platinu sölu enda komin með yfir 40 milljón streymi og orðin mest streymda plata allra tíma hér á landi. Vögguvísur var mest seldu platan á Íslandi bæði 2020 og 2021 og það stefnir í að hún nái að halda toppsætinu í ár, sem er algjört einsdæmi í íslensku tónlistarsögu. Í tilefni þessara tímamóta hafa þau Hafdís Huld og Alisdair tekið upp fimm auka lög sem komin eru út í sérstakri afmælisútgáfu af Vögguvísur sem má finna á helstu streymisveitum.


Sigurbjörn Einarsson er einn þeirra sem hlaut nafnbótina eftir Tindahlaupið í ár

Tindahöfðingi þarf að hafa hlaupið allar vegalengdirnar

Hið árlega Tindahlaup fór fram þann 27. ágúst í blíðskaparveðri. Meðþátttaka var í hlaupinu í ár, yfir 340 hlauparar voru skráðir til leiks.

Boðið er upp á fjórar vegalengdir 1, 3, 5 og 7 tinda þannig að allir geta fundið leið við hæfi. Skemmtileg viðurkenning er veitt þeim þátttakendum sem hafa hlaupið allar vegalengdirnar eða Tindahöfðingi.

Einn þeirra sem var krýndur þeim titli 2022 er Mosfellingurinn Sigurbjörn Einarsson. „Já ég náði þessum merka áfanga nú í ár, ég er tvisvar sinnum búin að fara á þrjá tinda, einu sinni á einn, einu sinni á fimm og fór svo á alla sjö að þessu sinni,“ segir Sigurbjörn sem er stoltur af nafnbótinni.



Fjallaparadís á heimaslóðum

„Þegar ég var að koma í mark í annað skiptið sem ég fór á þrjá tinda sá ég að verið var að krýna einn sem Tindahöfðingja og þar með var það orðið markmið hjá mér.“

Ég hef stundað utanvegahlaup í nokkur ár en sérstafa þessa hlaups er náttúrulega þessi ótrúlega náttúra hér í kringum bæinn okkar, maður er í algjöri fjallaparadís á heimaslóðum. Þetta er krefjandi og skemmtilegt hlaup og einstaklega vel að öllu staðið.“

Frábært að búa í Mosfellsbæ

„Ég hef búið hér í bænum í sjö ár og er sérstaklega ánægður með þennan einstaka leikvöll sem við erum með hér allt í kring. Ég veit ekki hvort eða hvenær maður getir kallað sig Mosfelling en hér finnst mér frábært að búa,“ segir Sigurbjörn að lokum.



SIGURBJÖRN AÐ LOKNU TINDAHLAUPI 2022

NONNÍ litli
Þverholti 8 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6614 Fax 566 6617
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is

FRAMTÍÐARSTARF

Óskum eftir starfsmanni í þökkun og framleiðslu í matvælavinnslu.

Frekari upplýsingar í síma 897-3236 eða raggi@nonnilitli.is

NONNÍ litli
Þverholti 8 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6614 Fax 566 6617
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is



FERSKT

ÚTSALA FOLALDAKJÖT

HAKK **698** KR/KG

GÚLLAS **3.498** KR/KG

SNITSEL **3.498** KR/KG

INNRAÆRI **3.998** KR/KG

FILE **4.798** KR/KG

LUNDIR **6.798** KR/KG



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is



Pantaðu hér!

GRENSÁSVEGI 48, REYKJAVÍK • SUNNUKRIKA 3, MOSFELLSBÆ



Ásta, Jón Júlíus, Haukur, Dagga, Eiríkur, Friðrik og Siggí þegar skátunum var færður styrkurinn.

Söfnuðu 724.500 kr. á bæjarhátíðinni upp í skátaeldhús

Súpuveisla Friðriks V til styrktar Mosverja

Matreiðslumeistarinn Friðrik V galdraði fram kraftmikla kjötsúpu í Álafoskvosinni á bæjarhátíðinni í túninu heima.

Ákveðið var að styrkja Mosverja til kaups á nýju eldhúsi í skátaheimilið í Álafoskvosinni.

Hugmyndin kom upp hjá Friðriki V og hjónunum Jóni Júlíusi og Ástu í Álafoskvosinni. „Við höfum verið viðloðandi fiskidaginn mikla frá upphafi en hann hefur nú fallið niður frá því heimsfaraldurinn skall á. Okkur fannst því tilvalið að gera eitthvað skemmtilegt í Mosó og styrkja gott málefni,“ segir Friðrik. „Það kom því upp þessi hugmynd að hjálpa skátunum að safna sér fyrir eldhúsi enda vel við hæfi að elda kjötsúpu til þess í Kvosinni.

Viðtökurnar voru framar björtustu vonum og stemmingin var æðisleg þessa hátíðarhelgi. Veðrið lék einnig við okkur og úr varð frábær nýjung hér á þessum fallega stað.“

Skorar á fyrirtæki að leggja lið

Dagbjört Brynjarsdóttir skátaforingi tekur í sama streng og er himinlifandi með uppátækið. „Við höfum söfnunina með tónleikaröð í vor og með þessari frábæru viðbót erum við komin upp í einn þriðja af eldhúsi,“ segir Dagga en skátarnir fengu alla innkomu sölnunnar sem endaði í 724.500 kr.

Friðrik, sem sjálfur er að norðan, fékk styrki frá Norðlenska fyrir kjötinu og hjónin Jón Júlíus og Ásta sköfðu það sem upp á vantaði eftir að fyrsti skammtur seldist upp á föstudeginum. Allt grænmeti fékkst svo á kostakjörum úr heimabyggð.

Friðrik vill að lokum skora á fyrirtæki í Mosfellsbæ að leggja Mosverjum lið með því að klára eldhúsið í skátaheimilinu.

Það er greinilegt eftir þessa vel heppnuðu súpuveislu að Friðrik og hans fólk hefur ekki sagt sitt síðasta og dreymir um að koma upp matarmarkaði í Álafoskvosinni enda bjóði svæðið upp á mörg tækifæri.



Mosfellsbær tekur virkan þátt í árlegu átaki

Samgönguvika haldin 16.-22. september

Evrópsk samgönguvika, European Mobility Week, er nú að hefjast, en vikan stendur yfir 16.-22. september ár hvert.

Mosfellsbær hefur verið virkur þátttakandi í samgönguvikunni undanfarin ár og staðið fyrir margs konar viðburðum í tilefni vikunnar, bæði í Mosfellsbæ og víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

Þetta er 17. árið sem Mosfellsbær er þátttakandi í samgönguvikunni, en sveitarfélagið tók fyrst þátt árið 2003.

Tilgangur samgönguvikunnar er að vekja athygli á vistvænum samgöngum og hvetja almenning til að nýta sér almennings-samgöngur, hjóleiðar og aðra vistvæna fararkosti.

Bíllaus dagur og frítt í Strætó

Ásamt kynningum á hjólaleiðum á heimasíðu bæjarins og Bíllausa deginum, sem alltaf er haldinn þann 22. september, er almenningur hvattur til að nýta sér vistvæna samgöngumáta í sínum ferðum og Strætó bs. og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða frítt í strætó. Mosfelling-

Af völdum viðburðum í samgönguvikunni í Mosfellsbæ í ár má nefna:

» Laugardagur, 17. september kl. 14-16

Hjólævintýri Höfuðborgarsvæðisins þar sem hjólað verður frá miðbæjartorgi Mosfellsbæjar niður í Elliðaárdal þar sem hátíðardagskrá verður í boði.

» Þriðjudagur, 20. september kl. 17.30-19.30

BMX-hátíð á Miðbæjartorginu.

» Miðvikudagur, 21. september kl. 15-17

Ókeypis hjólastillingar og smáviðgerðir Dr. Bæk fyrir almenning á Miðbæjartorgi Mosfellsbæjar.

ar eru hvattir til að taka þátt í þessu árlega átaki, draga fram hjólið og gönguskóna, og njóta góðrar útiveru og heilsusamlegrar hreyfingar.

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700

Brúkaup

WWW.FOLDABASSA.ART

FBA FOLDABASSA ART

Sigurbjörg

sigurbjorg@sigurbjorg.net | sigurbjorg.net

888-1250

OPIÐ Í ÞVERHOLTÍ 5
13-18 mán.-fös., 11-14 laugardaga
Garn og meira garn

Sunnudaga- skólinn

í kirkjunni þinni

Alla sunnudaga
kl. 13
í Lágafellskirkju

ÓSOM
æskulýðsstarf
Fyrir 8. - 10. bekk

Þriðjudaga kl. 20 - 21:30
í safnaðarheimilinu
Þverholti 3



Foreldramorgnar

Miðvikudaga kl. 10 - 12
í safnaðarheimilinu

Samverustundir fyrir
börn og foreldra á
öllum aldri!

**Barnakór
Lágafellssóknar**

Hefst mánudaginn
19. september
skráning hafin!



10-12 ára kl. 15:15 - 16:00

6-9 ára kl. 16:15 - 17:00

í safnaðarheimilinu

Kórstjóri:

Valgerður Jónsdóttir

lagafellskirkja.is

Nánari upplýsingar inn á:

Listasalur Mosfellsbæjar

Brennandi listasalur

Sigrún Hlín Sigurðardóttir opnaði sýninguna Eldskírni föstudaginn 9. september sl. í Listasal Mosfellsbæjar. Á sýningunni eru þrjú verk sem hanga úr lofti og hljóðverk sem ómar um salinn. Viðfangsefni sýningarinnar er eldur. Þrjú myndir myndirnar sýna t.d. brennandi biskup og brennandi bók og röddin í hljóðverkinu telur upp brennandi hluti, s.s. brennandi göngustafir og brennandi buxur, sem skapa myndir í huga sýningargesta á meðan þeir ganga um rýmið. Síðasti sýningardagur er 7. október. Sýningin er opin kl. 9-18 á virkum dögum og kl. 12-16 á laugardögum.



Bókasafn Mosfellsbæjar

Húllumhæ í bókasafninu

Það var heldur betur stuð og stemming í bókasafninu þegar fram fór uppskeruhátíð sumarlesturs. Bjarni Fritzon rithöfundur kom í heimsókn og las upp úr glænýrri, óútkominni bók fyrir gesti. Eftir feikiskemmtilegan upplestur leiddi Húlladúllan gesti út á torgið fyrir framan safnið þar sem hún sýndi öll helstu húllatrixin. Eftir sýninguna fengu bæði börn og fullorðnir að spreyta sig og var húllað af krafti þar til safnið lokaði.



Jóga í Hlégarði

Jóгатímar mánudaga og miðvikudaga í félagsheimilinu Hlégarði, kl. 17.30-18.45

4 tímar 12.000 kr. 8 tímar 24.000 kr.



Þú getur mætt 1x eða 2x í viku.

Hatha jóga, klassískar jógastöður við allra hæfi. Hver og einn fer að sínum mörkum. Þú þarft ekki að vera kattliðug(ur). Ég leiðbeini ef þú ert óörugg(ur) með æfingarnar. Karlmenntu eru hvattir til að mæta líka. Með reglulegri ástundum jóga næst vellíðan og jafnvægi, verkir og vöðvabólga láta undan.

Vinsamlega hafið samband vegna skráningar.

Ásgerður Jónasdóttir

Jógakennari / Svæðanuddari / Jógadanskennari

S. 865 1607 asgerdur8@outlook.com

www.facebook.com/yogazonen



FRÆNDURNIR NONNI OG ÞRÁNDUR

Líflegur markaður í Mosfellsdal • Spriklandi fersk hollusta

Síðasti markaður sumarsins í Dalnum

Markaðurinn í Mosskógum hefur verið líflegur og skemmtilegur í sumar sem og endranær.

Spriklandi fersk hollusta sem og annar skemmtilegur varningur hefur verið á boðstólnum. Nú er svo komið að síðasti markaðsdagur sumarsins er næstkomandi laugardag, 17. september. Opnunartími markaðarins er kl. 10-15.



Leiðtogi upplýsingastjórnunar og starf lögfræðings hjá Mosfellsbæ



Mosfellsbær leitar að framúrskarandi og metnaðarfullum leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stafrænni umbreytingu og vinnu með upplýsingar og gögn.

Um starf leiðtoga upplýsingastjórnunar

Leiðtogi upplýsingastjórnunar hefur faglega forystu á sviði stafrænnar umbreytingar, varðveislu upplýsinga og gagna Mosfellsbæjar og ber jafnframt meginábyrgð á þróun og umbótum á sviði skjalavörslu bæjarins. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Leiðtogi upplýsingastjórnunar starfar náið með stjórnendum sviða, stoðeilda og stofnana sveitarfélagsins. Þá ber viðkomandi ábyrgð á þróun skjalastefnu og verklags og leiðbeinir um daglega umsýslu gagna. Enn fremur gegnir leiðtoginn lykilhlutverki í ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um allt sem tengist vinnu með upplýsingar og gögn sveitarfélagsins og styður við hagnýtingu þeirra.

Um starf lögfræðings

Mosfellsbær leitar að lögfræðingi sem hefur þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu og býr yfir nákvæmni í vinnubrögðum. Starfið felur í sér lausn fjölbreyttra lögfræðilegra verkefna og ráðgjöf á málefna sviðum sveitarfélagsins.

Helstu verkefni

- Vinna við verkefni þar sem reynir á túlkun laga og reglugerða á málefna sviðum sveitarfélagsins m.a. á sviði sveitarstjórnarréttar, skipulags- og byggingarmála, fræðslumála, félagsþjónustu, barnaverndar og almennrar stjórnsýslu.
- Veita lögfræðileg álit og ráðgjöf um afgreiðslu einstakra mála.

Umsóknarfrestur um bæði störf er til og með 25. september 2022.

Sækja skal um störf á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Mótun framtíðarsýnar og aðgerðaáætlana á sviði stafrænnar umbreytingar og forgangsriðun verkefna.
- Stuðla að bættari hagnýtingu gagna og upplýsingatækni í rekstri sveitarfélagsins.
- Mótun skipulags og lausna á sviði skjalavörslu og yfirumsjón með afhendingu skjala til héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.
- Miðlun upplýsinga og þekkingar til starfsfólks um stafræna þróun, skjalamál og aðferðir þar að lútandi.
- Að greiða fyrir innleiðingu nýrra verkefna og lausna.
- Þátttaka í faghópum sveitarfélaga um stafræna umbreytingu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af greiningu og miðlun gagna.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og notendamiðaðri hönnun.
- Geta til að stýra verkefnum, setja upp skipulag og áætlanir og fylgja þeim eftir.
- Þekking og reynsla af stafrænni umbreytingu.
- Reynsla af skjalastjórnun og notkun rafrænna skjalavistunarkerfa.
- Hæfni til að greina og túlka upplýsingar og gögn og miðla þeim á auðskiljanlegan hátt.
- Mjög góð alhliða þekking og reynsla á sviði tölvu- og upplýsingatækni, stafrænum umbreytingaverkefnum og hugbúnaðarþróun er skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, geta til að taka frumkvæði og lausnamiðuð hugsun er skilyrði.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

- Undirbúningur stjórnsýsluákvæðana og ákvarðana um lögfræðileg málefni.
- Ráðgjöf við samningagerð og útboð og aðra skjalagerð bæjarins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða embættispróf í lögfræði er skilyrði.
- Lágmark fimm ára starfsreynsla.
- Haldbær þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Þekking á löggjöf á málefna sviðum sveitarfélaga er æskileg.
- Góð samskiptafærni og tölvukunnátta er nauðsynleg.
- Góð rit- og talfærni á íslensku og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar, í síma 525-6700 eða í netfangi: arnar@mos.is. Um framtíðarstöður er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af öllum kynjum, með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn og fólk með fötlun til að sækja um.



Áslaug Arna ráðherra í heimsókn • Dagurinn vel nýttur

Skrifstofa ráðherra einn dag í Mosfellsbæ

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, staðsetur skrifstofu sína um land allt á kjörtímabilinu.

Mánudaginn 29. ágúst var skrifstofa ráðherra staðsett á Bókasafni Mosfellsbæjar þaðan sem hún sinnti fjölbreyttum verkefnum ráðherra. Boðið var upp á opna viðtalstíma þar sem Mosfellingum gafst kostur á að viðra hugmyndir og koma at- hugasemdum tengdum málefnum á borði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á framfæri, milliliðalaust.

Ráðherra heimsótti m.a. Lágafellslaug, Reykjalund, Lambhaga, Ístex og Ásgarð. Þá fundaði hún með stjórnmalamönnum í Mosfellsbæ og fór í kaffi til Salome Þorkeldsdóttur, heiðursborgara Mosfellsbæjar og fyrrum forseta Alþingis.

Á myndinni má sjá Áslaugu Örnú taka við glæsilegri gjöf í Ásgarði í Álafoskvos. Á myndinni eru frá vinstri, Bryndís Haraldsdóttir alþingismaður, Óskar Albertsson starfsmaður Ásgarðs, Ásgeir Sveinsson bæjarfulltrúi, Áslaug Arna og Jana Katrín Knútsdóttir bæjarfulltrúi.



Árleg heilsuhátíð haldin í Lágafellsskóla • Heimsljós.is

Heilsuhátíðin Heimsljós haldin um helgina

Heilsuhátíðin Heimsljós haldin í Lágafellsskóla um helgina.

Heimsljós hefst á heilunarguðþjónustu föstudaginn 16. september kl. 20 í Lágafellskirkju sem sr. Arndís Bernhardsdóttir Linn leiðir.

Heimsljós eru góðgerðarsamtök og þeir sem standa að hátíðinni eru í sjálfboda- starfi og allir þeir sem leggja fram fræðslu eða meðferðir eru að gefa vinnu sína. „Allt þetta fólk á þakkir skyldar fyrir að gera þennan merkilega viðburð að veruleika. Megi þeir njóta heilsu og hamingju,“ segir Vigdís Steinþórsdóttir, skipuleggjandi Heimsljóss.

Í Lágafellsskóla er svo opið frá 11-17 á laugardegnum, sunnudag 11-18.30 endar þá á hinni stórmögnuðu hópheilun þar sem Díska möntrumeistari syngur og spilar. Þar getur fólk þreifað á kærleikanum hafi það ekki prófað slíkt áður.



VIGDÍS STEINÞÓRSDÓTTIR

Fjölbreytt dagskrá sem hægt er að kynna sér á heimasíðunni heimsljos.is

Frábært tækifæri til að hittast og spjalla, njóta veitinga frá okkar heimamanni, Kristjáni Magg matreiðslumeistara, sem er með okkur í fyrsta skipti.

Allir hjartanlega velkomnir. Að sjálf- sögðu er frítt í kirkjuna á föstudeginum. Í Lágafellsskóla er greitt við innganginn á laugardegi 1.500 kr og gildir það líka fyrir sunnudaginn.

Fjölbreytt dagskrá alla helgina

Á hátíðinni koma saman sérfræðingar á mörgum sviðum heilsutengdra mála, fræða, kynna, selja, veita innsýn í hinar ýmsu meðferðir og svo verður hægt að setjast niður og slaka á í hugleiðsluherberginu undir leiðsögn, tali og tónum. Mikill fróðleikur flæðir fram á öllum þessum 12 fyrirlestrum sem boðið er uppá.

Allt hundaeftirlit til nýs embættis

Við sameiningu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs, eru öll hundamál og hundaeftirlit komin til þessa nýja embættis, HEF. Öllum nýskráningum hunda, ásamt ábendingum og kvörtunum vegna hundahalds skal nú koma til HEF í síma 550-5400 eða í netfangið hef@heilbrigðiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið vinnur nú að samræmingu á hunda- samþykktum allra sveitarfélaganna og er gert ráð fyrir því að þeirri vinnu verði lokið á næstum vikum.



Hjólið þitt með Dr. BÆK

við Miðbæjartorg Mosfellsbæjar miðvikudaginn 21. september kl. 15 – 17 í tilefni af árlegu Samgönguvíkunni, 16. – 22. september

Við hvetjum alla hjóleigendur að koma með hjólhesta sína í þessa fríu ástandsskoðun hjá Dr. Bæk.

Doktorinn kemur með farandskoðunarstöðina sína, pumpu, olíur og nokkra skiptilykla. Hann skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra.

Alls konar spurningar leyfðar.



MOSFELLSBÆR

EVROPSK
SAMGÖNGU
VIKA
16.-22. SEPTEMBER



TÓLF SPOR Andlegt ferðalag



Tólf sporin – Andlegt ferðalag í Mosfellsbæ í vetur.

Kynningarfundur verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3, 5. október kl. 19.30.

Þrjú næstu miðvikudagskvöld verða opnir fundir til frekari kynningar.

Allir eru velkomnir og ekki þarf að skrá sig.

SIGRÍÐUR
BEINTEINSDÓTTIR

JÓGVAN
HANSEN

GUÐRÚN
GUNNARSDÓTTIR

VIÐ EIGUM SAMLEIÐ

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
2. OKTÓBER KL. 16.00 Í HÖRPU

GÖMLU GÓÐU LÖGIN

HAUKUR MORTHENS — RAGNAR BJARNASON — ELLY VILHJÁLMS
SIGFÚS HALLDÓRSSON — ÓÐINN VALDIMARSSON O.FL.



tix:is

MIBASALA Á TIX.IS OG HARPA.IS

arna

SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR HELGUNA 26.-28. ÁGÚST



MÁLIN RÆDD Á FLUGVELLINUM



KJUKLINGURINN RANN LJÚFT NIÐUR



TINDAHLAUPID RÆST AF STAÐ



HJÓLAD Á MILLI STAÐA



GLÆSILEG SKREYTING Á KJARNATORGI



Á RÖLTINU UM ÁLAFOSSKVOS



GESTGJAFAR Í NJARÐARHOLTI



KRAKKAR FENGU AÐ PRÓFA KAJAK



ÍRIS HÖLM OG FJÖLSKYLDA BAUD HEIM



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ



KJUKLINGAFESTIVAL AÐ VARMÁ



ÞÁTTTAKENDUR Í FELLAHRINGJUM
LEGGJA AF STAÐ UM FJÖLL OG FIRNINDI



KARMELLUKASTIÐ VINSÆLA



GRILLARARNIR FRÁ ÍSFLUGLI


SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR HELGINA 26.-28. ÁGÚST



EFTIR TÓNLEIKA Í KIRKJUNNI



SÓLI HÓLM, RAGGA GÍSLA OG JAKOB FRÍMANN



SUMARTAKTAR Á STEKKJARFLÖT



TRAKTORAAKSTUR



HLJÓMSVEITIN PIPARKORN
Á HEIMATÓNLEIKUM



LEIKHÓPURINN LÓTTA VIÐ HLÉGARD



TROMMARAR Í SKRÚÐGÖNGU



SAMGÖNGUVIKA Í MOSFELLSBÆ

16-22 SEPTEMBER 2022

Veljum fjölbreytta ferðamáta

#MobilityWeek
#samgonguvika2022
www.mos.is



Mosfellsbær

SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR HELGINA 26.-28. ÁGÚST



SKÁLDAGANGA MEÐ BJARKA OG STÖLLUNUM



TRYGGVI STÓÐ FYRIR HERNÁMSSÝNINGU



MARGT AÐ SKOÐA



FJÓLMENNT WEETOSMÓT Á TUNGUBÖKKUM



RAUÐAR VINKONUR



DAGUR Í TÚNINU HEIMA



BENEDIKT OG DÍDÍ Í BREKKUNNI



VEL TEKID Á MÓTI GESTUM Í ÞJÓNUSTUÐ MÖSFELLSBÆJAR



KOMNAR Í MARK



STRÁKARNIR Á VAKTINI

FAGMENN Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM



Páll Þorbjörnsson
pall@allt.is
Sími: 560 5501



Bjarklind Þór
bjarklind@allt.is
Sími: 560 5513



Einar Gunnarsson
einar@allt.is
Sími: 560 5512



Anna Þóra
Jóhannsdóttir
anna@allt.is
Sími: 560 5517



Aron Már
Smáráson
aron@allt.is
Sími: 560 5516



Margrét Sæunn
Axelsdóttir
margret@allt.is
Sími: 560 5519



Bjarni Lárusson
bjarni@allt.is
Sími: 560 5518



Kristinn Sigurbjörnsson
kristinn@allt.is
Sími: 560 5502

ALLT fasteignasala Sími 560 5505 allt@allt.is allt.is



Takk fyrir þátttökuna Í túninu heima

Mosfellsbær þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg við að gera Í túninu heima að bæjarhátíð sem við öll getum verið stolt af. Hátíð sem þessi endurspeglar það góða samfélag sem við búum í og tökum öll þátt í að skapa. Fjöldi viðburða var í boði sem bæjarbúar sjálfir stóðu fyrir ásamt þátttöku fyrirtækja og félagasamtaka. Það er mikilvægt að sýna hvert öðru og öðrum landsmönnum að hér sé að finna fjölbreytt mannlíf í bæ sem vex og dafnar með hverju ári.

Fyrirtækjum sem studdu hátíðina er sérstaklega þakkað fyrir gott samstarf.

SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR HELGINA 26.-28. ÁGÚST



RAUÐA LÍÐID



VERÐLAUNAVAKTIN Á WEETOSMÓTINU



SIGURVEGARI Í WEBER-LEIK
Á KJÚKLINGAFESTIVALINU



VÍKINGAR VIÐ HLÉGARD



LÍMONAÐI TIL SÖLU Í RITUHÖFÐA



GÖNGUSTJÓRAR FRÁ LEIKFÉLAGINU



BJÖRGUNARSVEITIN Á VAKTINI



LAGT AF STAÐ Í ULLARPÁRTY



FORNÍLAR TIL SÝNIS




ÁÐ LOKINI HÁTÍÐARMESSU



TINDAHLAUPARAR



TÍVOLÍGESTIR Í SKÝJUNUM



VEL TEKID UNDIR Í BREKKUSÖNG

SVIPMYNDIR FRÁ BÆJARHÁTÍÐINI Í TÚNINU HEIMA SEM FRAM FÓR HELGINA 26.-28. ÁGÚST



GLEÐI EFTIR BARNASYNINGU



SPENNANDI HEIMSÓKN Á SLÖKKVISTÖÐINA



GARÐVEISLA



KYNDILSKONUR



TONLISTARVEISLA Í ÁLMHOLTINU



FREMSTAR Í SKRÚÐGÖNGUNNI
Á VÖSKUM FÁKUM

Komdu í skátana!
- það er ókeypis í september

Drekaskátar (2.-4. bekkur)
þriðjudaga kl. 16:00-17:00

Fálkaskátar (5.-7. bekkur)
mánudaga kl. 17:00-18:30

Dróttaskátar (8.-10. bekkur)
miðvikudaga kl. 20:00-21:30

Rekkaskátar (16-18 ára)
mánudaga kl. 20:00-21:30

Allir skátafundir fara fram í skátaheimilinu Skálanum, Álafossvegi 18.

Nánari upplýsingar á facebooksíðu Mosverja eða á mosverjar@mosverjar.is



PÍANÓ BAR

ION

FÖSTUDAGINN
7. OKTÓBER

SYNGDU MEÐ
KARLAKÓR KJALNESINGA



TRÚBADORINN
BJARNI
ÓMAR
1. OKTÓBER



OSTBORGARI,
FRANSKAR
OG GOS

*120 gr. næstakjött, ostur, sýsa og kál

TAKE
AWAY
SEPTEMBER

BARION.IS
2.200 KR.



BARION Kahoot! PUB QUIZ

FIMMTUDAGINN
22. SEPTEMBER KL. 21

STJÓRNANDI: STEINDI JR.

TRYGGDU PÉR FRÍTT SÆTI
Á BARION.IS



STEBBI OG EYFI

15. OKT



MIDASALA HAFIN Á BARION.IS



Októberfest

TRÍÓIÐ KÓKOS


LAUGARDAGINN 17. SEPTEMBER

KL. 23-01



SCHNITZEL 2.995 KR.
2X PRETZEL 595 KR.
LÍTERSKRÚS 1.895 KR.

OKTÓBERFEST Á BARION
17. SEPTEMBER - 10. OKTÓBER



Vil láta gott af mér leiða

Uppáhaldsstaður Evu Rúnar Þorgeirsdóttur á hennar yngri árum var skólabókasafnið í Langholtsskóla. Þar gat hún gleymt sér í ró og næði í ævintýraveröld bókanna.

Draumur hennar um að skrifa kviknaði þegar hún var átta ára, hún byrjaði á því að skrifa dagbækur og ljóð sem síðar urðu að sögum. Síðastliðin ár hefur hún starfað við fjölbreytt verkefni en ástríða hennar liggur fyrst og fremst í því að búa til vand- aðar bækur og sjónvarpsefni fyrir börn.

Eva Rún Þorgeirsdóttir er fædd í Reykjavík 7. nóvember 1978. Foreldrar hennar eru Ásta Eyjólfsson dóttir fyrrv. bankastarfsmaður og Þorgeir Ástvaldsson útvarps- og tónlistarmaður. Systkini Evu Rúnar eru þau, Kristjana Helga f. 1971, Kolbeinn Þór f. 1983 og Eycló Ásta f. 1989.

Spiluðu stórt hlutverk í minni æsku

„Ég er alin upp í Langholtshverfinu við Laugardalinn og fannst skemmtilegt að alast upp þar en ég var einnig mikið hjá afa mínum og ömmu í Mosfellssveit og mér fannst líka yndislegt að vera þar, í nálægð við náttúruna.

Ömmur mínar og afar spiluðu stórt hlutverk í minni æsku og ég var heppin að geta varið miklum tíma með þeim.”

Góðar minningar frá Ítalíu

„Ég, bróðir minn og frændi vorum bestu vinir og lékum okkur mikið saman. Við fengum frelsi og traust til að leika okkur með allt sem við vildum. Við fórum í fjöruferðir og söfnuðum fullt af spennandi hlutum. Við settum síðan upp sýningar í garðinum hjá afa og ömmu sem við kölluðum, sæðyrasafnið. Þetta eru ómetanlegar minningar alveg hreint,” segir Eva og brosir.

„Ég á einnig margar góðar minningar frá Ítalíu en þangað fórum við fjölskyldan á hverju sumri.”

Leið eins og ég hafði hitt rokkstjörnu

„Ég gekk í Langholtsskóla og mér fannst gaman í skólanum. Íslenska var í upphaldi og ég lagði mikinn metnað í að lesa, læra ljóð, skrifa sögur og teikna myndir. Það hefur líklega verið ávisun á það sem ég ætlaði að starfa við í framtíðinni svona án þess að ég gerði mér grein fyrir því.

Skólabókasafnið var upphaldsstaðurinn minn og ég lifði mig mikið inn í þær bækur sem ég las. Gömul bekkjarsystir minnti mig nýlega á það að ég hafi alltaf verið að segja henni frá persónum í bókum, sem henni fannst misspennandi,” segir Eva Rún og hlær.

„Ég man eftir því þegar Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur kom í heimsókn á safnið og las upp úr bók sinni. Ég var átta ára og varð algjörlega heilluð af henni, mér leið eins og ég hafði hitt rokkstjörnu.”

Námið hafði mikil áhrif á mig

„Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla lá leið mín í Menntaskólann við Hamrahlíð. Eftir góð ár þar ákvað ég að mig langaði



Fjölskyldan, Snæbjörn, Tinna, Ríkharður, Sindri, Sara og Eva Rún.



Eftir Ruth Örnólfsson dóttir
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

að verða blaðamaður og tróð mér inn sem lausablaðamaður á tímarit, þar með hófst minn starfsferill í fjölmiðlum. Stuttu síðar fór ég að skrifa fyrir fleiri tímarit og síðar fékk ég vinnu á Stöð 2, á fréttastofu og við innlenda dagskrárgerð.

Ég naut þess mjög að starfa í fjölmiðlum en ákvað að gera hlé og fara í nám. Fór til London til að læra markaðsfræði og síðan lá leiðin til Árósa í Danmörku. Þar fór ég í nám í skapandi leiðtogafræði sem er verkefnastjórnun með áherslu á hnattræna hugsun og mannleg samskipti. Ég hafði mjög gaman af þessu námi og það hafði mikil áhrif á mig.”

Prófað flestar sundlaugar landsins

Eiginmaður Evu Rúnar er, Snæbjörn Sigurðsson rakari ávallt kallaður Stjúri, börn þeirra eru Ríkharður f. 1999, Sara f. 2007, Tinna f. 2009 og Sindri f. 2014.

„Ferðalög hérlendis og erlendis eru helstu áhugamál okkar fjölskyldunnar, við njótum þess að ferðast og skoða nýja staði. Við höfum einnig gaman af því að fara í sund og höfum líklega prófað flestar sundlaugar landsins.”

Að fylgja flæði lífsins

„Ég hef brallað ýmislegt, er mikið á ferðinni og finnst gaman að fá að vinna með ólíku fólki. Mér finnst skemmtilegast að vera í skapandi vinnu og þrífst á fjölbreytileika.

Eftir námið fékk ég skemmtilegt starf hjá Reykjavíkurborg þar sem ég sá um að halda utan um hina ýmsu viðburði.

Árið 2009 skipti ég um gír og fór í jógakennaranám, langaði að fara í þetta nám því ég hafði iðkað jóga lengi. Mér bauðst starf við að kenna jóga og ákvað að fylgja flæði lífsins og taka því starfi, allir vildu rækta sinn innri mann eftir hrúnið. Fljótlega lærði ég svo að kenna börnum jóga og allt í einu var ég farin að kenna barnajógatíma. Í sjö ár var mitt aðalstarf að vera jógakennari og meðfram því byrjaði ég að skrifa bækur.”

» **Það gefur mér mikið að sjá krakka á námskeiðum hjá mér blómstra og fá sjálftraust við að koma hugmyndum sínum á framfæri.**

Stúfur fer í sumarfrí

Fyrsta bók Evu kom út 2011 og heitir Auður og gamla tréð sem er ævintýra- og kennslubók í jóga fyrir krakka. Síðar gerði hún hugleiðslubókina Ró.

Árið 2015 kom út fyrsta bókin í spennusagnaflokknum, Lukka og hugmyndavélin en undanfarið hefur Eva Rún verið að skrifa bækur um jólasveininn Stúf. Nýjasta bókin heitir, Stúfur fer í sumarfrí, og byggir bókin meðal annars á upplifun Evu á Ítalíu þegar hún var barn.

Stolt af Eddu verðlauninum

Eva starfaði hjá RÚV í þrjú ár sem framleiðandi, handritshöfundur og leikstjóri. Hún hélt utan um framleiðslu á Stundinni okkar, skrifaði handrit að smá seríum bæði fræðslu og leikið efni, og bæði framleiddi og leikstýrði upptökum þar sem krakkar voru í aðalhlutverki.

HIN HLIÐIN

Hvaða litur lýsir þér best? Grænn.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert? Brúðkaupsdagur okkar hjóna var einn skemmtilegasti dagur lífs míns.

Stærsta eftirsjáin? Er þakklát fyrir lífið og hef enga eftirsjá nema kannski að hafa ekki fengið mér hund fyrr.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Hjúkrunarfræðingur, rithöfundur og blaðamaður.

Eftirminnilegasta ferðalagið? Ferð til Narsarsuaq á Grænlandi og nýafstaðin ferð til Suður-Sjálands í Danmörku.

Hver er þín óvenjulegasta lífsreynsla? Þriggja mánaða dvöl á Kúbu þar sem ég vann verkefni þegar ég var í háskólanámi.

Fallegasti staður í Mosfellsbæ? Gönguleiðirnar í Mosó eru dásamlegar.

Hvað drifur þig áfram? Þörfin til að skapa og láta gott af mér leiða. Börnin mín og fjölskyldan.



HJÁ AFA OG ÖMMU Í MOSÓ



EVA RÚN NÍU MÁNAÐA

VERÐLAUNUÐ

„Þetta var frábær tími á KrakkaRúv með yndislegu samstarfsfólki. Við unnum Edduna 2021 fyrir besta barna- og menningarþáttinn og ég er mjög stolt af því.

Ég hef líka verið að skrifa hljóðbækur fyrir Storytel sem er skemmtilegt söguform. Ég skrifaði, Sögur fyrir svefninn, sem eru rólegar sögur fyrir krakka til að hlusta á. Ég fékk Íslensku hljóðbókarverðlaunin 2022 í flokki barna- og ungmennabóka fyrir þessa bók.”

Spennandi tímar fram undan

„Nú starfa ég nær eingöngu við ritstörf en ég kenni einnig krökkum að skrifa sögur. Það gefur mér mikið að sjá krakka á námskeiðum hjá mér blómstra og fá sjálftraust við að koma hugmyndum sínum á framfæri. Mig langar að láta gott af mér leiða með skrifum mínum og kennslu. Efla áhuga á bókum og lestri og líka efla kraftinn og hugmyndasköpun hjá krökkum.

Fram undan eru spennandi tímar, ég er að gefa út nýja bók í haust og eins er ég að skrifa nýja hljóðbók fyrir Storytel. Ég er svo að fara af stað með sögusmiðju-klúbb, ásamt samstarfskonu minni Blævi Guðmundsdóttur, í Borgarbókasafni Reykjavíkur. Þangað geta krakkar komið sem hafa áhuga á því að búa til sögur, bæði skrifa og teikna.

Fleiri spennandi verkefni eru í gangi enda aldrei skortur á hugmyndum í kollinum á mér segir,” Eva Rún brosandir er við kveðjumst.



FJÖLSKYLDUTÍMAR

Í ÍPRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

AÐGANGUR ÓKEYPIS

**ALLA SUNNUDAGA
KL. 10:30 - 12:00**

Í fjölskyldutímum að Varmá nýtur fjölskyldan samverunnar í íþróttum og leikjum.

Leiðbeinendur:

Þorbjörg Sólbjartsdóttir, Árni Freyr Einarsson,
Íris Dögg Gunnarsdóttir og Ólafur Snorri Rafnsson.



leikir - íþróttir - boltar - borðtennis - badminton - fimleikar og margt fleira



VINKONURNAR REBECCA LÍV OG IÐUNN ELDEY

Mosfellingarnir gera það gott í skemmtilegum söngleik

ELSKA AÐ LEIKA, DANSA OG SYNGJA

Um þessar mundir taka tveir Mosfellingar þátt í barna söngleikum Langelstur að eilífu sem sýndur er í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði.

Verkið er byggt á vinsælum verðlaunabókum Bergrúnar Írisar um þau Eyju og Rögnvald sem verða bestu vinir þrátt fyrir 90 ára aldursmun. Þetta eru þær Iðunn Eldey sem er í 3. bekk og Rebecca Lív sem er í 5. bekk en þær ganga báðar í Helgafellsskóla.

Tveir hópar ungra leikara skipta með sér sýningunum í vetur og eru þær stöllur hvor í sínum hópnum og því er alltaf Mosfellingur á sviðinu í Gaflaraleikhúsinu. Skemmtilegt og fræðandi leikrit fyrir alla frá 3 ára aldri.

Hjartnæmur boðskapur


Verkið fjallar á einlægan hátt um vináttuna, lífið og dauðann. Sýningin er full af gleði, söng, hlýju og hjartnæmum boðskap.

Hinn ástsæli Siggí Sigurjóns fer með hlutverk Rögnvalds gamla og með hlutverk hinnar sex ára gömlu Eyju fara tvær ungar stórleikkonur, þær Iðunn Eldey Stefánsdóttir og Nína Sólrún Tamimi.

Þær Iðunn Eldey og Rebecca Lív elska báðar að leika, syngja og dansa og vonast eftir að Mosfellingar geri sér ferð í Gaflaraleikhúsið til að sjá þessa stórskemmtilegu sýningu.



LEIKHÚSVINIR Í GAFLARALEIKHÚSINU



Góður svefn í íslenskum ullarfaðmi eykur vellíðan

Íslenskar ullarsængur
Fáanlegar á Lopidraumur.is



– SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI –



ALLTAF GAMAN OG ALLTAF GOTT VEÐUR

FRÍTT
INN

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. [facebook.com/keiluhollin](https://www.facebook.com/keiluhollin)
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

HAPPY
2 FYRIR 1 AF ÖLLU Á BARNUM
HOUR
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA
21-23

50%
AFSLÁTTUR
Í KEILU
MILLI 23-01
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA


RÚTA Í
BÆINN

FÖS & LAU

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG FRÍ
PIZZA EF ÞÚ SÆKIR**

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA



shakepizza.is

**EINN, TVEIR OG FRÍR
SHAKE EF ÞÚ SÆKIR**

– GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM



shake&pizza

**EIN PIZZA OG SVO
ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG
BÆTIR ANNARRI VIÐ Á 1.000 KR.
– BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

Pantaðu á
shakepizza.is
eða í síma
5 17 18 19

#shakeandpizza

Umhverfisviðurkenningar veittar



Umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar fyrir árið 2022 voru afhentar við hátíðlega athöfn í Hlégarði á bæjarhátúðinni í túninu heima.

Umhverfisviðurkenningar eru veittar þeim sem talið er að hafi skarað fram úr í umhverfismálum á árinu.

Íbúum gefst kostur á að senda inn tilnefningar um einstaklinga, garða, götur, svæði, stofnanir, félagsamtök eða fyrirtæki, sem þeim finnst koma til greina.

Umhverfisnefnd veitti í ár fjórar viðurkenningar auk þess sem tré ársins var valið.



TRÉ ÁRSINS 2022

Alaskaösp - Reykjabyggð 30

Alaskaösp (*Populus trichocarpa*) á ættir sínar að rekja til Alaska og með vesturströnd Norður - Ameríku. Öspinn er náskyld víðitegundum sem eru ræktaðar víða á Íslandi. Alaskaöspinn getur orðið mjög há planta en á Íslandi er hæsta plantan um 20 m. há. Öspinn er einstaklega harðgert og hraðvaxta tré sem veitir mörgum Íslendingum gott skjól.

Öspinn sem stendur við Reykjabyggð 30 er tignarleg með stóra fallega og heilbrigða krónu. Öspinn gefur umhverfinu hlýlega ásýnd og vekur athygli þegar keyrt er inn Reykjabyggðina.



SÚLUHÖFÐI 31 - Anna M. Höskuldsdóttir og Gunnar Kristjánsson fá viðurkenningu fyrir fallegan og fjölskrúðugan garð að Súluhöfða 31.



DALATANGI 6 - Ragnheiður Þ. Waage og Valgeir Jónasson fá viðurkenningu fyrir fallegan garð að Dalatanga 6 þar sem hugað er að smáatrið-



REYKJADALUR 2 - Bára Sigurðardóttir og Guðlaug Sigurðardóttir fá viðurkenningu fyrir fallegan og rótgróinn garð að Reykjadal 2.



KFC - Veitingastaður KFC í Mosfellsbæ fær viðurkenningu fyrir sérlega fallega aðkomu og snyrtilega umhirðu lóðar.

Vel heppnuð kynning á þjónustu við eldri borgara



GÓÐ MÆTING ELDRÍ BORGARA

Miðvikudaginn 7. september var haldin kynning í Hlégarði fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ. Hugmynd af fundinum kom upp á hjá rýnihópi eldri borgara í Mosfellsbæ og er hann liður í bættri þjónustu sveitarfélagsins við hópinn.

Á fundinum komu fulltrúar þeirra aðila sem veita þjónustu í sveitarfélaginu og kynntu hvaða þjónusta eða tilboð standa eldri borgurum til boða. Regína Ásvaldsdóttir, nýr bærarstjóri Mosfellsbæjar, hélt ávarp í upphafi. Dagskráin var brotin upp með líflægum dansi frá Auði Hörpu og fallægum söng frá kórnum Vorboðum.

Gríðarlega góð mæting var og góður rómur gerður að fundinum, enda margt sem stendur þessum hópi til boða í sveitarfélaginu. Glærur má nálgast á heimasíðu Mosfellsbæjar undir flokknum „eldri borgarar“.

Það er greinilega gott að vera eldri borgari í Mosfellsbæ.



DANS Á MILLI DAGSKRÁRLÍÐA



HEILSUEFLANDI
samfélag



MOSFELLSBÆR

OPIÐ LENGUR

LENGRI OPNUNARTÍMI ALLA VIRKA DAGA

SUND ER
HOLL OG GÓÐ
HEILSURÆKT
FYRIR ALLA!



Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 22:00

(afgreiðslan opin til kl. 22:30)

Helgar: 08:00 - 19:00



Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30 - 21:30

Laugardagar: 08:00 - 17:00

Sunnudagar: 08:00 - 16:00



Frábær úrslitaleikur á Malbikstöðinni • 3-1 gegn Blikum

ÍSLANDSMEISTARAR Í 5. FL.

Strákarnir í 5. flokki karla í knattspyrnu urðu Íslandsmeistarar þegar þeir sigruðu Breiðablik í frábærum úrslitaleik á Malbikstöðinni að Varmá.

Breiðablik komst yfir um miðjan fyrri hálfleik en Afturelding hélt áfram að sækja og jöfnuðu leikinn rétt áður en flautað var

til hálfleiks. Þegar 10 mínútur voru eftir af leiknum komst Afturelding í 2-1 eftir frábæran samleik. Heimamenn innsigliðu svo sigurinn 3-1 þegar þeir bættu við þriðja markinu undir lok leiksins.

Það var vel mætt á leikinn og frábær stemning á vellinum.



Fjórir Mosfellingar keppa fyrir Íslands hönd í Lúxemborg

Afturelding á Evrópumót

Dagana 14. - 17. september fer fram Evrópumótið í Hópfimleikum. Ísland sendir á mótið tvö lið í fullorðinsflokki (kvennalið og karllalið). Í unglingsflokki verða send þrjú lið sem skiptast í stúlknaði, drengjalið og blandað lið unglinga sem er jafnt hlutfall stúlkna og drengja.

Liðin hafa verið að æfa saman síðan í júní og lagt allt undir í undirbúninginn. Fimleikaheimurinn í er á nálum yfir þessu risamóti sem haldið verður í Lúxemborg.

Fimleikadeild Aftureldingar er með fjóra drengi sem hafa náð alla leið inn á mótið og flugu til Lúxemborgar mánudaginn 12. september. Drengirnir okkar heita Axel Björgvinsson, Sverrir Björgvinsson, Ármann Sigurhólm Larsen og Guðjón Magnússon en þeir keppa fyrir hönd Íslands í drengjaflokki.

Drengirnir okkar eru allir fæddir 2008 og hafa æft fimleika hjá Aftureldingu í 4-5 ár. Þeir eru með þeim yngstu í landsliðinu og

komust allir í gegnum niðurskurðinn sem tengist landsliðsferlinu.

Það verður virkilega gaman að fylgjast með þeim keppa á stóra sviðinu en drengjaliðið keppir í undanúrslitum 14. september.

Fan Zone í Smáralind

Fimleikasambandið er hefur skipulagt svo kalla Fan Zone fyrir alla sem vilja koma upp í Smáralind og styðja okkar fólk.

Það verður útsending frá öllum mótunum á gamla Pizza Hut svæðinu. Laugardagurinn 17. september verður svo stóri dagurinn þar sem fullorðins liðin keppa til úrslita og þá verður mikið um að vera í kringum stuðningssvæðið. Íþróttálfurinn sýnir sig, krakkar verða með fimleikaatriði, handstöðukeppn, circussýning og margt fleira verður í gangi.

Frekari upplýsingar má finna inn á heimasíðu fimleikasambandsins.



STIGUNUM FAGNAÐ Á MALBIKINU

Þrjár umferðir eftir í Bestu deildinni • Barátta á botninum

Mikilvægur sigur gegn KR

Afturelding lagði KR 2-1 á heimavelli í Bestu deild kvenna á Malbikstöðinni að Varmá á þriðjudagskvöld.

Hildur Karítas Gunnarsdóttir kom Aftureldingu yfir eftir hornspyrnu um miðbik síðari hálfleiks. Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir bætti síðan öðru marki við með skoti fyrir utan vítateig eftir góða pressu í síðari

hálfleiknum. KR minnkaði muninn undir lokin en Afturelding landaði á endanum stigunum þremur.

Um er að ræða mjög mikilvæg stig en Afturelding er nú einungis einu stigi frá Þór/KA sem er í áttunda sæti deildarinnar. Næsti leikur er gegn Breiðabliki á útivelli á sunnudag.



STRÁKARNIR HAFNA GERT FÍNA HLUTI Í SUMAR

Lokaleikur gegn Fjölni á laugardaginn • UMFA á fínu skriði

Stigamet hjá meistara-flokki karla í 1. deildinni

Eftir rólega byrjun á sumrinu náði meistara-flokkur karla í fótbolta vopnum sínum um miðjan júnímánuð og hefur verið á fínu skriði síðan þá.

4-0 sigur á Þrótti Vogum á Malbikstöðinni að Varmá í 18. umferðinni tryggði nýtt stigamet í 1. deild hjá Aftureldingu en gamla stigametið er síðan Afturelding endaði í 4. sæti deildarinnar árið 2001.

Afturelding er nú um miðja deild fyrir

lokaleikinn gegn Fjölni á Malbikstöðinni að Varmá á laugardaginn klukkan 14:00.

Óvæntar upptakomur hafa verið á heimaleikjum meistara-flokkanna í sumar og á síðasta heimaleik hjá meistara-flokki karla horfðu nokkrir stuðningsmenn Aftureldingar á leikinn úr heitum potti á áhorfendasvæðinu. Á síðasta heimaleik meistara-flokks kvenna var rauðvínsskyning. Hvað verður boðið upp á í lokaleikjunum?

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI



UMFA & Pálsson bjóða á fyrsta heimaleik vetrarins í Olís deildinni

AFTUR ELDING

Föstudaginn 16. september kl. 19.40

FH

Húsið opnar kl. 18.30 og verður Skemmtigarðurinn á svæðinu og býður öllum krökkum í hoppukastala. Grillaðir hamborgarar á boðstólnum fyrir leik. Í hálfleik verður vítakeppni áhorfenda; vegleg verðlaun í boði!

Mætum í stúkuna með Rothögginu og styðjum okkar lið! Áfram Afturelding!

FRÍTT INN!



& Pálsson

ÁFRAM AFTURELDING

WWW.PSON.IS

Mosóskokk rennur inn í frjálsíþróttadeild Aftureldingar

Hlaupahópur Aftureldingar æfir þrisvar í hverri viku

Afturelding og Mosóskokk hafa sameinað krafta sína og setja af stað Hlaupahóp Aftureldingar.

Börkur Reykjálín Brynjarsson verður þjálfari hópsins og munu æfingar fara fram á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:30 og á laugardögum kl. 9:00. Á mánudögum og miðvikudögum verða u.þ.b. 1. klst. gæðaæfingar með léttum styrktaræfingum og lengra hlaup á laugardögum.

Alla jafna verður upphafsstaður æfinga við Lágafellslaug eða Varmárvöll en það getur verið breytilegt og mun þjálfari kynna það tímanlega á Sportablar og á facebook síðu hópsins.

Þjálfari mun passa að allir fái verkefni við hæfi og hópurinn ætti því að henta öllum hlaupurum hvort sem farið er hratt eða hægt, langt eða stutt. Stefnt er að því að halda nýliðanámskeið á haustin og vorin.

Þátttökugjald fyrir tímabilið frá september til áramóta verður 15.000 kr. og framhaldið síðan skoðað.



Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Aftureldingar www.afturelding.is

„Við lofum góðri hreyfingu í frábæru umhverfi og skemmtilegum félagsskap. Hvetjum alla til að sameinast í hreyfingunni og njóta,“ segir Börkur þjálfari.

Handknattleikstímabilið 2022-2023
MÆTUM OG STYÐJUM

Ársmiða til sölu á miðasöluappinu Stubbur
Fyrstu heimaleikir liðianna að Varmá:
16. september Ólísdeild Kk. Afturelding - FH
7. október Grilldeild kvk. Afturelding - ÍR

16. september
Kl: 16.00-18.00

LEIKMENN MEISTARAFLOKKS KARLA OG KVENNA VERÐA Á SVÆÐINU OG LEGGJA Handboltaprautir FYRIR ALLA !

SEINNA SAMI DAG
Ólísdeild Karla Afturelding - FH
Varmá - kl. 19.30

Æfingar hafnar • Skólablak í Fellinu 27. september

Blakið komið á fulla ferð

Nú er allt vetrarstarf í blakinu komið á fullt. Æfingar eru hafnar hjá öllum hópum, börnum jafnt sem fullorðnum.

Hjá blakdeildinni eru starfandi hópar á öllum aldri og hægt er að nálgast allar tímatöflur yngri flokka á heimasíðu Aftureldingar undir BLAK og eru krakkar hvattir til að koma og mæta og prófa.

Sérstakir tímar eru í vetur fyrir stelpur sem ekki hafa æft áður en langar að prufa að æfa blak og eru allar stelpur velkomnar í þá tíma til að læra og æfa sig. Sá hópur heitir U16/byrjendur.

Stór hluti leikmanna í meistaraflokkunum eru að koma úr mikilli landsleikjatörn og því fara úrvalsdeildirnar seinna af stað

en venjulega. Stelpurnar okkar hefja leik í keppni um meistara meistaranna laugardaginn 24. september á Akureyri við meistara síðasta árs KA. Strákarnir sækja einnig KA heim í sínum fyrsta leik þann 30. september.

Þriðjudaginn 27. september fer fram Skólablak í Fellinu að Varmá. Skólablak eru blakviðburðir fyrir grunnskólakrakka í 4.-6. bekk og munu krakkar úr skólunum í Mosfellsbæ keppa sín á milli svo búast má við miklu fjöri í Fellinu þann daginn.

Í tilefni þessa mun Blakdeild Aftureldingar bjóða öllum krökkum sem koma og prufa blak í sambandi við Skólablakið að æfa frítt í tvær vikur.

Sérhæfum okkur í prentun á persónulegum gjöfum - púðar - veggplattar - ísskápsseglar -

Kíkið á okkur á Facebook - roskvinnustofa@gmail.com

HRAUSTIR KRAKKAR

EFTIR SKÓLA

Námskeiðið stendur í 4 vikur
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:00
Verð: 12.500

HEFST
20. SEPTEMBER



Fullkominn Samhljómur

(perfect harmony)

3 vikna vinnusmiðja/námskeið
Fyrir þá sem vilja bæta heilsu,
líðan og lífsgæði
Byrjum 19. september

Mán – Mið – Fös
Frá kl. 15:00 til 17:00

NIRVANA

Allsherjar æfingakerfi fyrir líkama og huga

Hið fullkomna flæði af
öndun, hreyfingu og tónlist

Þri – Fim

Frá kl. 15:00 til 15:55
Mindful Training – Therapeutic einkaþjálfun

Frekari upplýsingar/skráning:
porfektharmonya@gmail.com / 696-5507

ELDING  **líkamsrækt**

Íþróttamiðstöðinni að Varmá

ELDING LÍKAMSRÆKT

FULLKOMINN TÆKJASALUR,
EINKAÞJÁLFUN, FRÁBÆRT VERÐ

Nánari upplýsingar
í síma 897-8626

Munið frístundaávisanir og
íþróttastyrki stéttarfélag

Mánaðarkort	10.000 kr.
3 mánaða	32.000 kr.
6 mánaða	43.000 kr.
Árskort	59.000 kr.



TRÍÓ

MÁNADARINS

→ EIN STÓR PIZZA ←

2.090 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MED APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MED APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF
MATSEDLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI



STÓR PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



Lágafellslaug

ILMSÁNA

öll fimmtudagskvöld

í september og október

KL. 20:30-22:00

3 LOTUR

Olíurnar sem við notum eru meðal annars rósaviður, rósmarín, piparmynta, eucalyptus, timian og fleiri góðir ilmir.

Allt 100% hágæðailmkjarnaolíur.

Þeir sem vilja taka þátt láti vita af sér í afgreiðslunni við komuna.



Lágafellslaug

Opið virka daga: kl. 6:30-22:00.

Opið um helgar: kl. 08:00-19:00.

Varmárlaug

Opið virka daga: kl. 06:30-08:30 og 15:00-21:30.

Lau. kl. 08:00-17:00. Sun. kl. 08:00-16:00.



Framkvæmdir í Mosfellsbæ, frestun og aukinn kostnaður

Nýr bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Regína Ásvaldsdóttir, tók til starfa þann 1. september sl. og bjóða sjálfstæðismenn hana velkomna til starfa.

Fyrir kosningar lagði Sjálfstæðisflokkurinn fram ígrundaða og fjölbreytta stefnuskrá og mun reyna að tryggja sínum málum framgang á kjörtímabilinu.

Mikilvæg mál biða nýrrar bæjarstjórnar í stækkingu sveitarfélags í samfélagi sem einkennist af verðbólgu og óstöðugleika. Áhersla ætti að vera á að halda álögum á íbúa eins lágum og kostur er, viðhafa ábyrga stjórn fjármála og taka upplýstar og faglegar ákvarðanir um mál sem snerta hagsmunum bæjarins. Það er ljóst að Mosfellsbæ verður ekki stjórnað eingöngu á brosi og bjartsýni.

Uppbygging að Varmá - frestun

Fyrirhuguð uppbygging að Varmá er mikilvægt verkefni. Núverandi meirihluti hefur stöðvað þær áætlanir og er með í endurskoðun uppbyggingu á þjónustuhúsi sem hefja átti sl. vor. Við útboð bærust ekki tilboð í verkið en í stað þess að hefja samningaviðræður við verktaka eða breyta forgangsörðun var verkinu frestað. Ástæðan sem gefin var fyrir þeirri frestun var sú að endurskoða ætti meðal annars stærð og notkun hússins.

Það er skemmt frá því að segja að í janúar fór fram endurskoðun á teikningum og gerðar breytingar í samráði við Aftureldingu. Þær teikningar voru samþykktar í bæjarstjórn og bæjarráði en þá höfðu fulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar, sem nú eru í meirihluta engar athugasemdir. Meirihlutinn veit ekki í hverju möguleg stækkun á að felast, hver nýting stækkunarinnar ætti að vera og þá hefur ekki komið fram hver viðbótar kostnaður verður.

Ákvörðunin um frestun framkvæmda að Varmá kemur sér illa fyrir Aftureldingu. Kostnaður mun aukast vegna verðbólgu og hærri vaxta og framkvæmdir munu tefjast a.m.k. um eitt ár. Til þess að lágmarka skaðann af þessum tölum lögðu bæjarfulltrúar



D-listans fram tillögu í bæjarráði um að breyta forgangsörðun og byrja á að leggja nýjan gervi-grasvöll sem fyrsta áfanga uppbyggingarinnar. Þeirri tillögu var því miður hafnað.

Fimmti áfangi Helgafellshverfis – tafir á úthlutun lóða

Annað hagsmunamál Mosfellsbæjar er úthlutun lóða í fimmta áfanga Helgafellshverfis. Í ár var á dagskrá hjá fyrri meirihluta að úthluta lóðum undir 140 íbúðar-einingar, aðallega einbýli, par- og raðhús, strax að loknum kosningum.

Úthlutun lóðanna hefur ekki getað átt sér stað vegna málaferla. Fyrir nokkrum dögum féll dómur í málinu þar sem fallist var á öll sjónarmið Mosfellsbæjar.

Málið hefur verið óþægilegt og erfitt í meðferð og meðhöndlun fyrir nýjan meirihluta vegna náninna tengsla og hagsmuna oddvita Framsóknarflokksins. Það er eflaust einsdæmi að sitjandi formaður bæjarráðs sé í málaferlum við bæinn sem hafa haft í för með sér mikinn kostnað og tafir fyrir sveitarfélagið. Það hefði verið heiðarlega af oddvitanum að upplýsa kjósendur um þessi málaferli fyrir kosningar þar sem upplag Framsóknarflokksins í sinni kosningabaráttu var einmitt heiðarleiki, gagnsæi og góð upplýsingagjöf.

Við erum öll að vinna að sama markmiði sem er að vinna að hagsmunum Mosfellsbæjar og gera það sem í okkar valdi stendur til að gera samfélagið okkar enn betra. Ekki má gleyma að bæjarstjórn er fjölskipað stjórnvald þar sem meiri- og minnihluti bera sameiginlega ábyrgð og eiga að vera jafn upplýstir. Von okkar er sú að samvinna bæjarstjórnar verði árangursrík og farsæl og að upplýsingagjöf, gagnsæi og heiðarleika verði raunverulega fylgt eftir svo að bæjarfulltrúar minnihlutans þurfi ekki að halda áfram að lesa fréttir af málefnum bæjarins í fjölmiðlum.

Bæjarfulltrúar D-lista, Ásgeir, Jana, Rúnar og Helga.

Gaman saman í Mosó

Eftir tveggja ára bið og mikla tilhlökkun var bæjarhátíðin okkar, í túninu heima, loksins haldin dagana 26. - 28. ágúst síðast liðinn.

Það var fjöldinn allur af áhuga-verðum, fjölbreyttum og flottum viðburðum í boði auk þess sem gamlir síðir voru teknir upp á ný með endurkomu Útvarps Mosfellsbæjar, sem ég vona að verði áframhaldandi síður á bæjarhátíðinni.

Við hjá menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar fengum það heiðurshlutverk að ferðast um bæinn og dæma í hinni árlegu skreytingakeppni hverfanna. Það var yndislegt að sjá fólk á öllum aldri þeysast um bæinn okkar og njóta þeirrar dagskrár sem var í boði.

Það er ekki spurning að allir þeir sem voru með viðburði eða tóku þátt í að skreyta húsin sín eiga margfalt hrós skilið



því það er einmitt það sem gerir bæjarhátíðinni í Mosfellsbæ kleift að standa undir heitinu „Í túninu heima“.

Við í dómnefndinni vorum svo sannarlega látin hafa fyrir því að velja sigurvegarana þar sem auðséð var að mikill metnaður og vandvirkni hafði verið sett í að skreyta hús bæjarbúa.

En svona hátíðir þarfnast mikillar vinnu, bæði frá þeim sem eru með viðburði en ekki síst þeirra sem skipuleggja hátíðina og vil ég hrósa þeim sem komu að því að skipuleggja hátíðina og þá sérstaklega honum Hilmari Gunnarssyni. Í Mosó hefur alltaf verið best að búa en nú leikur enginn vafi á því, takk fyrir mig Mosó.

Franklín Ernir Kristjánsson, menningar- og nýsköpunarnefnd

Hamrahlíðarskógurinn

Hamrahlíðarskógurinn er stolt okkar Mosfellinga. Fjölmargir erlendir ferðamenn aka framhjá Hamrahlíðinni og þarna er einna best hægt að sjá hversu góðan árangur unnt er að ná í skógrækt á Íslandi.



Fyrir framsýni og dugnað frumherjanna var hafist í þetta góða starf á sínum tíma en plöntun mun hafa hafist 1957 eða á öðru ári eftir að Skógræktarfélagið í Mosfellssveit var stofnað.

Þarna í hlíðinni hafa yfir 1.000.000 trjáplantna verið plantað á þeim 65 árum sem nú eru liðin og árangur verður að teljast mjög góður. Mest hefur verið plantað af stafafuru, sitkagreni og ösp en þarna eru auk þess fjölmargar aðrar tegundir að finna sem þrífist hafa misvel. Má t.d. nefna að í fyrstu var plantað um 8.000 birkiplöntum en nú hafa fáar lifað af enda sótti sauðfé bænda stíft í spilduna.

Eftir að ég fluttist frá Reykjavík ásamt unnustu minni í ársbyrjun 1983 í Mosfellsveitina var eitt af fyrstu verkunum okkar að ganga til liðs við Skógræktarfélagið. Við tókum mjög oft þátt í sjálfbóðaliðastarfi við útplöntun og síthvað annað tengt starfinu

eins og við árlegu jólatrjáasölu.

Vorið 1983 var plantað aðallega stafafuru norðan við núverandi bílastæði og þar sem rafmagnslínan liggur meðfram hitaveitustoknum. Má sjá vöxtinn í dag en nokkuð af trjánum hefur mátt þoka til að trufla ekki rafmagnsflutninginn. Fyrir mörgum árum hefði mátt huga að setja línuna í jörð til að tryggja betur öryggi en margt hefur verið láta mæta afgangi við framkvæmdir eins og gengur.

Eftir að börnin okkar komu til sögunnar þá voru þau tekin með og tóku þátt í gróðursetningum með okkur. Er fátt ungum börnum jafn hollt og að vera í sem nánustu tengslum við gróðurinn sem vex upp fyrir tilstuðlan þeirra. Þau læra með móðurmjólkinni að virða náttúruna og gróður landsins, víða vex viðkvæmur meður sem eftir atvikum er orðið að vöxtulegu tré eða visnað sem annað.

Þessi grein er ágríp af stærri grein sem birtast mun í Skógræktarritinu sem Skógræktarfélag Íslands gefur út.

Guðjón Jensson

BORG
FASTEIGNASALA

O sole Mosó!

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
897-1533 · david@fastborg.is

BÆJAR-STJÓRA SPJALL

KYNNUMST NÝJUM BÆJAR-STJÓRA MOSFELLSBÆJAR SEM TÓK NÝVERIÐ TIL STARFA

MOSFELLINGUR **Í BEINNI**

Á INSTAGRAM ÞRIÐJUDAGINN 20. SEPTEMBER KL. 20:00

20+



OKTOBERFEST

Knattspyrnudeildar Aftureldingar KVK

Þýskar veigar í anda Októberfest,

Ball með Ödda og Gústa úr

hljómsveitinni Kókos og ýmis önnur uppákoma!

Staður: Harðarból

23.september, húsið opnar kl.19:00

Miðaverð: 7.990 Kr (Einn kaldur innifalinn)

Miðasala og nánari uppl. :

knattspyrnakvenna@afturelding.is



Félagsmiðstöðin Bólið

Starfssemin i Bólinu er farin af stað og verður
nóg um að vera í vetur.

Við vorum með dagskrá í túninu heima, bæði fatamarkað & ball í Hlégarði. Staffið okkar var á röltinu á brekkusöngnum & tónleikum á torgi. Í heildina voru unglingarnir okkar til fyrirmyndar.

Starfssemi Bólsins byggist á unglíngalýðræði og nú rignir yfir umsóknum í Bólráð en umsóknafrestur lýkur í dag, fimmtudaginn 15. september.

Dagskrá Bólsins má finna inn á www.bolid.is



 [instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)

BARIONBÖRGER

175 GR. NAUTAKJÖT, KÁL, RAUÐLAUKUR, OSTUR, BEIKON,
BBQ-MAJÓ, STERKT HUNANG.

HAMBORGARARNIR OKKAR
HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN
ENDA HEIL 175 GRÖMM
AF HAMINGJU

ÞVERHOLT 1 | 270 MOSFELLSBÆ | SÍMI 7877000 | WWW.BARION.IS

BARION
M A T B A R

Breytingar á starfsmannahóp

Frá 1. ágúst 2022 hafa orðið mannabreytingar í Lágafellssókn, fólk hefur annað hvort horfið til annarra starfa eða farið í leyfi.

Í takti við þær breytingar hefur verið ákveðið að hressa upp á safnaðarstarfið. Mosfellingar, ungir sem aldnir, eru hvattir til að fylgjast með.

Sr. Henning Emil Magnússon (afleysing fram á sumar 2023) mun starfa sem prestur við hlið sr. Arndísar Linn, setts sóknarprest í leyfi sr. Ragnheiðar Jónsdóttur.



Henning Emil er Keflvík-ungur í húð og hár en áður en hann vígðist til prests í Vídalínskirkju árið 2018 starfaði hann sem kennari í 15 ár.

Hann er giftur Bylgju Dís Gunnarsdóttur, æskulýðs- og fræðslufulltrúi Hafnarfjarðarkirkju og á tvö uppkomin börn.

Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir mun sjá um foreldramorgna, samverur eldri borgara og heimsóknarþjónustu hjá kirkjunni okkar.



Hún lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 2007 en síðan þá hefur hún starfað á leikskólum hjá félagsþjónustunni ásamt því að hafa búið í Bandaríkjunum í 11 ár.

Samhliða vinnu sinni hjá Lágafellssókn vinnur Guðlaug Helga líka sem hópstjóri hjá Sorgarmiðstöðinni.

Andrea Gréta Axelsdóttir er ný kirkjuvörðurinn okkar eftir að Bryndís Böðvardsdóttir vígðist til prests í Norðfjarðarprestakalli.



Hún tekur brosandí á móti kirkjugestum við athafnir, aðstoðar einnig á foreldramorgnum og við fermingarfræðslu.

Hennar heimabær er Mosó en Andrea hefur þroskaþjálfamenntun og hefur starfað lengst af hér í bænum með fötluðu fólki á öllum stigum.

Valgerður Jónsdóttir mun sjá um að stjórna barnakórastarfinu sem er að fara í gang um þessar mundir.



Valgerður er tónmenntakennari og söng- og tónlistarkona, sem hefur áralanga reynslu af tónlistarvinnu með börnum, bæði á Íslandi og í Danmörku.

Hanna Margrét Gísladóttir var ráðinn í sumarafleysing og á veturna er hún guðfræðinemi.



Þar sem ekki er ennþá byrjað að klóna kirkjuverði (í Lágafellssókn eru tvær kirkjur) mun Hanna Margrét sinna afleysingum í kirkjuvörslu en einnig taka þátt í barnastarfinu.

Lágafellssókn

Andlegt ferðalag

Í lífi manna gengur mismikið á en hjá flestum safnast upp með tímanum atvik og tilfinningar sem erfitt getur verið að vinna úr. Sumt er meðvitað en annað ómeðvitað og það getur verið erfitt að átta sig á því.



Ég er þarna engin undantekning og fann ég að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Eitthvað hafði sloknað innra með mér. Ég hélt samt áfram því ég þurfti að sjá fyrir mér og mínum! Það kom svo að því að ég varð algerlega búinn á því, gleðin var horfin úr lífi mínu og ég vissi ekki hvað ég vildi eða þurfti. Mér fannst fólk ráðskast með mig, bæði persónulega og í vinnu. Þó ég hefði einhverjar skoðanir stóð ég ekki á þeim heldur flaut bara með en var ekki ánægður. Ég hafði lítið sjálfsálit og dæmdi mig hart ef eitthvað gekk ekki eins og ég vildi. Mér leið ekki vel, einangraði mig og sinni ekki mínum eigin þörfum. Mér fannst ég hafa misst stjórnina á lífinu.

Dag einn hitti ég vin sem greinilega tók eftir breytingu á mér og kannaðist sjálfur við ástandið. Hann fór að segja mér frá hvernig hann hafði endurskoðað líf sitt með aðferðum 12 sporanna og hvernig hann hafði náð tökum á lífi sínu á ný. Hann lýsti því hvernig það að skoða líf sitt á þennan hátt, fékk hann til að koma auga á ýmislegt sem betur mátti fara. Á einum vetri hafði hann náð góðum tökum á lífi sínu á ný. Hann tileinkaði sér nýjan lífstíl þar sem hann notar aðferðir 12 sporanna til að tækla lífið og

tilveruna. Með því varð hann aftur sáttur við líf sitt, sig og sína.

Vinur minn hvatti mig til að koma með sér á sporafund hjá Vinum í bata og athuga hvort ég finndi þar leið fyrir mig. Ég varð hissa því ég hélt að 12 sporin væru eingöngu fyrir þá sem ættu við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða.

Það er skemmt frá því að segja að ég sló til og fór í 12 sporin og get nú ekki hugsað mér lífið án þeirra. Með hjálp sporanna tileinkaði ég mér nýjan lífstíl sem gerði mér kleift að ná tökum á lífinu, finna gleðina á ný og lifa í sátt við sjálfan mig og aðra.

Vinir í bata er hópur karla og kvenna á öllum aldri sem hafa tileinkað sér Tólf sporin til að vinna úr sínum málum hvort sem er úr fortíð eða í nútíð.

Kynningarfundur verður í safnaðarheimili Lágafellskirkju að Þverholti 3, miðvikudaginn 5. október kl. 19.30. Næstu þrjú miðvikudagskvöld eftir það verða opnir fundir til frekari kynningar en 26. október, kl 19.30 er síðasta tækifærið til að slást í hópinn þennan veturinn því eftir það verður hópnum lokað og hin eiginlega 12 spora vinna hefst.

Bestu kveðjur

Vinur í bata



MALBIKSTÖÐIN

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Teikni- og tækniþjónusta
WWW.TOGT.IS
togt@togt.is
sími 893 3022

GERÐ AÐALUPPDRATTA

VERKEFNA- OG BYGGINGASTJÓRNUN

HAGKVÆMISATHUGANIR OG ÁÆTLUNAGERÐ

UMSJÓN FRAMKVÆMDA

ÁSTANDSKOÐUN FASTEIGNA

Aukaljós á bíla og báta.
Toppgrindur, fjöðrun, dráttarspil, ferðavörur o.fl.

Völuteig 21, Mosfellsbæ
s. 517-2900
www.drif.is - drif@drif.is

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

SteinTeppi.is

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

REYNSLA – ÁRÆÐNI – VANDVIRKNI –
KRAFTUR – ÞOR – ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð


Gölfelna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Passamyndir

Við bjóðum upp á myndatöku fyrir vegabréf, ökuskírteini, ferilskrár, starfsmannaskírteini og fleira, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Myndo.is

Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ
Pantanir í síma:
8981744 eða á myndo@myndo.is



MÓÐIR ALLRA ÍPRÓTTA

Spakir menn hafa haldið því fram að körfubolti sé móðir allra íþróttar. Ég veit ekki alveg með það, en hugsanlega er eitthvað til í þeirri fullyrðingu. Yngsti sonur minn er byrjaður að æfa körfubolta hjá Aftureldingu og það er ljóst að það er mikill uppgangur í körfunni í Mos. Á æfingar í hans flokki hafa 20-30 strákar verið að mæta, sem eru talsvert fleiri en þegar sá næst yngsti reyndi að byrja að æfa fyrir nokkrum árum - þá féllu æfingar oft niður vegna þess að of fáir mættu eða þjálfarinn lét ekki sjá sig. En nú er öldin önnur, mikill metnaður í starfinu og áhuginn eftir því.

Körfubolti er ein af þeim ellefu íþróttagreinum sem nú er hægt að æfa hjá Aftureldingu. Sumir vilja meina að við ættum að einbeita okkur að færri í íþróttagreinum og ná þannig meiri árangri í þeim í stað þess að dreifa krökkunum okkar á svona margar íþróttagreinar. Ég skil það sjónarmið og hef stundum verið sammála því. En ég er það ekki lengur. Ég er hlynntur því að við bjóðum upp á eins margar íþróttir og við getum, svo lengi sem það er til áhugasamt og duglegt fólk sem er tilbúið til að vinna í sjálfboda-liðastarfi við að halda utan um allt starfið í kringum þær. Það þarf að vera ástríða í starfinu, annars lognast íþróttin út af.

Med því að bjóða krökkunum upp svona margar íþróttagreinar er líklegt að þau finni íþrótt við sitt hæfi og það er gott fyrir þau, líkamlega, andlega og félagslega. Íþróttir eru frábær forvörn og undirbúningur fyrir lífið. Hreyfing, regla, heilbrigð keppni, félagskapur, útrás, skemmtun og leikgleði eru orð sem á að vera hægt að tengja íþróttir. Daglegur skammtur af þessu út lífið er nokkuð sem við öll hefðum gott af. Ung sem eldri.

Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is



Neikvæð niðurstaða en við erum jákvæð!

Í byrjun mánaðarins voru birtar rekstrarniðurstöður bæjarins fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Því miður er niðurstaðan sú að bæjarfélagið var rekið með tæplega milljarð í mínus, sem er 500 milljón krónum meiri halli en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun bæjarins.

Verðbólgan bitur

Eins og gefur að skilja þá vega verðbætur vegna aukinnar verðbólgu á árinu þyngst í þessari miklu hækkun enda Mosfellsbær með næst hæsta skuldahlutfallið af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu árið 2021 eða 134%, sem í krónum talið þýðir 1.391.595 kr. á íbúa.

Gjaldfærður kostnaður vegna reiknaðra verðbóta af langtímalán- um á fyrstu sex mánuðum ársins er 466 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Því miður er ekki útlit fyrir annað en að verðbólgan haldist há það sem eftir lifir árs þannig að ljóst er að árið 2022 er þungt í rekstri bæjarfélagsins.

Stór verkefni

Nýr meirihluti, sem tók við þann 1. júní, fékk stór verkefni í vöggugjöf. Þar má til dæmis nefna viðgerðir á Kvíslarskóla. Kostnaður bæjarfélagsins vegna þess verkefnis féll ekki til á fyrstu sex mánuðunum nema að litlu leyti og er því ekki í þessari rekstrarniðurstöðu.

Það er því ljóst að það hefur ekki mikla þýðingu að fara mikinn í aðdraganda kosninga um vel rekið sveitarfélag þegar við nám þess við stórum verkefnum er ekki meira en raun ber vitni. Við rekstur samfélags, þar sem skylduverkefni eru mýmörg, er það ein af frumskyldum kjörinna fulltrúa að sýna ábyrgð í meðferð sameiginlegra sjóða

samfélagsins. Það verður því að gera raunhæfa áætlun til framtíðar til að bæta stöðuna.

Framtíðarsýnin

Rekstrarniðurstaðan sýnir okkur ótvírætt að sýn meirihluta Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar um sterke atvinnustefnu fyrir Mosfellsbæ er gríðarlega mikilvæg. Engin slík stefna hefur verið gerð fyrir bæinn þar sem kjörnir fulltrúar í samvinnu við atvinnurekendur í bænum, íbúa og aðra hagaðila draga fram skýra sýn og markmið til framtíðar í málaflökknum.

Möguleikum sveitarfélaga til tekjuöflunar eru takmörk sett af löggjafanum og þess vegna verðum við að nýta öll þau tækifæri sem við höfum. Það er sýn okkar að sterkt atvinnulíf laði fleiri íbúa að bænum og skapi þannig fjölbreytt og blómlegt líf í bæjarfélaginu.

Spennandi tímar

Í málefnsamningi meirihluta Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar er kveðið á um að ný nefnd, Atvinnu- og nýsköpunarnefnd, taki til starfa, nefnd sem mun á kjörtímabilinu vinna markvisst að málaflökknum. Við lítum svo á að jafn mikilvægt sé að fela ákveðinni nefnd skýrt umboð til að móta stefnuna og að vinna með stjórnsýslunni til þess að hægt verði að ná árangri í málaflökknum.

Það eru til dæmis vonbrigði að ekki hafi byggst upp fjölbreytt starfsemi á Tungumelum sambærileg þeirri sem við höfum á sama tíma séð byggjast upp á Esjumelum. Þessu viljum við breyta.

Á kjörtímabilinu hefst ein umfangsmesta uppbygging sem ráðist hefur verið í á höfuðborgarsvæðinu í áráraðir, uppbygging Blikastaðalandsins. Fyrsti áfanginn í þeirri

uppbyggingu er einmitt uppbygging atvinnusvæðis sem er gríðarlega vel staðsett auk þess sem stefnt er að uppbyggingu þar sem sjálfbærni og umhverfisvernd er í fyrirrúmi. Við teljum að mörg fyrirtæki vilji taka þátt í uppbyggingu á slíku svæði en það gerist ekki af sjálfu sér.

Sérstaðan

Við viljum líka hampa sérstöðu Mosfellsbæjar sem heilsuefandi samfélags. Samfélags sem hefur þá sérstöðu á höfuðborgarsvæðinu að nánast allir íbúar eru í mikilli nálægð við náttúruna, lífsgæði sem sífellt verða verðmætari.

Þessi sérstaða Mosfellsbæjar er að okkar mati vannýtt auðlind sem við viljum beina sjónum okkar að. Í undirbúningi er stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins og sjáum við mikil tækifæri í því að vinna á þeim vettvangi að nýsköpun og þróun Mosfellsbæjar sem áfangastaðar. Hér er til mikils að vinna og mun ný nefnd Atvinnu- og nýsköpunar vinna ótullaða að þessum málum.

Jákvæðnin að leiðarljósi

Á sama tíma og við finnum til mikillar ábyrgðar vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins svo sannarlega sýnir, þá trúum við engu að síður á að framtíð Mosfellsbæjar sé björt og vaxandi.

Við munum halda áfram að takast á við þau stóru verkefni sem lágu fyrir okkur í upphafi kjörtímabilsins en ekki síður munum við stefna ótraud að því, með jákvæðnina að leiðarljósi, að styrkja enn frekar undirstöður bæjarfélagsins þannig að við verðum betur í stakk búin til þess að takast á við áskoranir framtíðarinnar

Lovísa Jónsdóttir, oddviti Viðreisnar
Anna Sigríður Guðnadóttir, oddviti Samfylkingar
Halla Karen Kristjánsdóttir, oddviti Framsóknar



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200

www.artpro.is

Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáid **frítt** verðamat

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur
in your face



Sigrun Björg Ingvadóttir
Mig langar að þakka

Mosfellingum fyrir einstaklega vel heppnaða bæjarhátíð. Í túninu heima eftir smá pásu, stóðst allar væntingar. Nú veit ég að margir eiga um sárt að binda eftir gleði og glaum, en þetta verður allt í lagi krakkar, þið verðið eins og ný á þriðjudag eða miðvikudag :) 28. ágúst



Hafsteinn Pálsson
Alvöru flugeldasýning

í kvöld! Takk Kyndill! 27. ágúst



Ágúst Bernhards-son Linn
Takk fyrir mig

Mosó! Stórkostleg í túninu heima hátíð. Við Hilmar stóðum vaktina í stútfullri Álafossbrekku og stuðli ólýsanlegt :) Svo fór Kókos á ferðina í götugrillin og komst alla leið í veðurfréttirnar :) Dúndur dæmi hjá okkur Örnólfur og Eva!! 31. ágúst



Mosverjar
VÁ, VÁ, VÁ, VÁ og aftur VÁ Og ÞÚSUND

þakkir allir sem komu og styrktu okkur um helgina! Við erum varla komin niður á jörðina enn, en viljum sérstaklega þakka Crew Friðrik V, Ástu og Jóni Júlíusi, Garðmenn Íslands og foreldrum skáta sem lögðu okkur lið um helgina. Þvílík veisla og gleði og geggjáð veður... 28. ágúst



Helena Kristinsdóttir

Í dag eru 20 ár síðan ég fékk að vita að ég væri ólétt af Íris Birna Hammer Gauksdóttir, var á leiðinni í sónar þegar að Alda systir hringir og segir mér frá því að flugvél hafi flogið inn í annan tvíburaturninn í NY, rosalegt...við mér blasti svo fullt af fólki að fylgjast með í beinni á biðstofunni og þar horfði ég á seinni vélina fljúga inn í hinn turninn, þetta voru blendnar tilfinningar, gleði yfir því að vera ólétt af þessu kríli og líka stress og kvíði yfir því að vera að fæða barn inn í þessa grimmu veröld. Gleymum ekki þeim sem dóu þennan dag eða af völdum þessara hryðjuverka 11. september

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



GARÐMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð. Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu! 779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761



S: 660 0770 - www.aftak.is

CODE: MOSO

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM fyrir Mosfellinga

www.fyrirfreyju.com @fyrirfreyju

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510
www.bilasprautun.is



Öll almenn vörubíla- og kranþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.


BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



STILKUR

ÞURRKAÐ BLÓM & SKREYTINGAR

STILKUR.IS | UGLUGATA 31 | SÍMI 696-6566



OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug
Virkir dagar: 06.30 - 22.00
Helgar: 08.00 - 19.00

Varmárlaug
Virkir dagar: 06.30-21.30
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYST HEFUR...

...að golfklúbburinn sé búinn að slíta samstarfinu við vertana sem hafa rekið veitingastaðinn Blik síðustu tvö árin.

...að síðasti grænmetismarkaður sumarsins fari fram í Mosskógum á laugardaginn.

...að ný klukka sé mætt til leiks í Íþróttahúsinu að Varmá.

...að margir sakni þess að geta ekki keypt heitan kjúkling í Krónunni.

...að sauðfjárréttir fari fram í Mosfellsdal á laugardaginn og dregið verði í dílka á Hraðastöðum kl. 18.

...að Stjáni fiskisali og Lára hafi gengið í það heilaga í sumar.

...að áhorfendur geti farið í tattú á áhorfendasvæðinu á lokaleik Aftureldingar í Lengjueldinni gegn Fjölni á laugardaginn

...að Tríóð Kókos verði á Barion á laugardagskvöldið.

...að Kalli Erlings eigi textann við nýjasta smell Herberts Guðmunds.

...að Hrafn Ingvars hafi farið holi í höggi á Hamarsvelli um helgina.

...að kviknað hafi í Mosó-grill á dögnum og verði því lokað þar næstu vikurnar.

...að byrjað sé að rífa einbýlishúsin við Bjarkarholt en þar munu rísa íbúðir fyrir aldraða.

...að körfuboltaforeldrar séu ekki sáttir við útfærslu á nýjum körfuboltavöllum sem kosnir voru í Okkar Mosó og þykja ekki standast þær væntingar sem uppi voru.

...að kynfræðingurinn Sigga Dögg verði með fyrirlestur fyrir eldri borgara í Mosó næsta fimmtudag sem nefnist 69 og sexí.

...að hin vinsæla Bændaglíma fari fram á Hlíðavelli um helgina.

...að Októberfest kvennaknattspyrnunnar fari fram í Harðarbolí föstudaginn 23. september.

...að Steindi Jr. verði með pubquiz á Barion næsta fimmtudag kl. 21.

...að Pálsson bjóði frítt inn á fyrsta heimaleik vetrarins í Ólís deildinni á föstudagskvöld.

...að fjórða þáttaröð True Detective verði m.a. tekin upp við Helgufoss í Mosfellsdal nú í haust.

...að Afturelding hafi náð í gríðarlega mikilvæg 3 stig í vikunni í fallbaráttunni í Bestu deildinni þegar þrír leikir eru eftir af tímabilinu.

...að vinsæli fjölskyldutímarnir að Varmá á sunnudagsmorgnum séu byrjaðir aftur.

...að gamla Kiwanishúsið í Leirvogstungu sé nú til sölu.

...að Afturelding og Mosóskokk hafa sameinað krafta undir merkjum Hlaupahóps Aftureldingar.

...að Helga blómadróttning eigi afmæli í dag.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Baltasar Blær Viktorsson
Gauvrit fæddist þann 16. júlí kl. 08.28 í heimafæðingu. Hann var 48 cm og tæpar 13 merkur. Hann er fyrsta barn foreldra sinna sem eru þau Dagný Huld Birgisdóttir og Viktor Emile C Gauvrit.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Barion Mosó leitar að skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki í sal.

Vaktafyrirkomulag (2-2-3) fyrir 18 ára og eldri.
Áhugasamir hafi samband í gegnum netfangið karen@barion.is

BARION
MATBAR

Í eldhúsinu

HJÁ DÓRU LIND OG MARÍUSI

Spínatlasagna

Dóra Lind Pálmarsdóttir og Maríus Þór Haraldsson deila með okkur uppskrift að þessu sinni. „Maríus hafði ekki mikla trú á þessari uppskrift og leist alls ekki vel á að fá kjötlaust lasagna, hins vegar kom þetta lasagna skemmtilega á óvart og reyndist vera eitt af því besta lasagna sem hann hafði smakkað. Við grípum oft í þessa uppskrift þar sem þetta er einfalt og fljótlegt að matreiða.“

Spínatlasagna fyrir 4

- 2 hvítlausrif pressuð
- 2 msk ólífuolía
- Salt, pipar og hálfur kjúklinga- eða grænmetisteningur
- 1 stór poki af spínati
- 1 stór dós af kotasælu
- 1 dós af 10% sýrðum rjóma
- 3 msk rifinn parmesan ostur
- 1 krukka hakkaðir tómatar t.d. lífrænr frá Sollu
- Lasagnaplötur (best að nota ferskar)
- Rifinn ostur

Aðferð:

Ofn hitaður í 180 gráður á blæstri. Hvítlaukur steiktur upp úr olíunni við vægan hita þar til hann mýkist, saltað, piprað og tengingur mulinn yfir. Hitinn hækkaður aðeins og



spínatinu bætt á pönnuna. Steikið spínatið þar til það hefur linast. Takið pönnuna af hitanum og bætið kotasælu, parmesan og sýrðum rjóma saman við. Salt og pipar eftir smekk. Lasagnað er svo sett saman þannig að neðst í eldfast mót fer örlítil ólífuolía og smá tómamatmök, svo koma lasagnaplötur, spínatblanda og tómamatmök. Endurtekið ca. þrisvar sinnum og endað á spínatblöndu og tómamatmök. Stráðið osti yfir og bakið í 30 mín. Borið fram með salati, hvítlausröndu og góðu rauðvíni. Buon appetito!

Verði ykkur að góðu!

Dóra og Maríus skora á Sæunni Björk og Geir Þóri að deila næstu uppskrift í Mosfellingi

LÁTUM DRAUMINN RÆTAST

Niðurstöður alls konar lífsvísitölukannana benda til að fólki líður verr en áður, að færri séu hamingjusamari en áður, að kvíði hafi aukist, ungt fólk eigi erfðara og að lífið sé almennt flóknara en langafar okkar og -ömmur sögðu að fortíðina hafi verið. En þá var líka allt svarthvít og smærri í sniðum, þegar á þurfti að halda sneri fólk bókum saman, það hljóp undir bagga og sameinaðist um að bæta það sem þurfti að gera í samfélaginu. Langömmur og langafar sögðu líka stundum: Viti menn ...

Ég er formaður Ungmennaráðs UMFÍ, Ungmennafélags Íslands sem hefur verið til í meira en hundrað ár, alveg frá þeim tíma þegar fólk vann saman að því að gera allt betra - og UMFÍ gerir það enn.

Um síðustu helgi stóðum við fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði á Laugarvatni. Þetta var heil helgi þar sem ungt fólk á aldrinum 16 til 25 ára ræddi saman um væntingar sínar, leiðir og aðferðir til að láta drauma sína rætast. Þetta var frábær ráðstefna af því að það er æðislegt að vera á vettvangi fyrir ungt fólk þar sem málefni liðandi stundar eru rædd. Einn liður í ráðstefnunni var kaffihúsaþjall með stjórnmalafólki og stjórnendum í atvinnulífinu þar sem góð ráð voru veitt á bága bóga.

Það er alltaf gott að hugsa í lausnum. Ég hvet því stjórnendur sveitarfélaga og fyrirtækja til að kortleggja stöðuna, rýna í gögn sem hægt er að brjóta niður eftir landshlutum og sveitarfélögum, Lýðheilsuvísu, Ánægjuvögna sem Rannsóknir og greining hafa unnið fyrir UMFÍ og ÍSÍ og fleira sem mögulegt er að nota til að gera lífið betra.

Snúum vörn í sókn og bökkum saman. Þótt við teljum að staðan sé góð í okkar sveitarfélagi þá þurfum við engu að síður að kortleggja stöðuna, búa til vettvang svo allir komist að borðinu og tengjum saman félög og fyrirtæki - líka þau sem ekki hafa unnið saman áður. Við eigum ekki að láta múra og þröskulda hindra okkur. Ekki heldur að bíða eftir því að aðrir opni dynnar. Við vitum hvað við þurfum og viljum og margir vita hvernig á að gera gott samfélag enn betra. Okkur dreymir um betra líf. Látum drauminn rætast.



EMBLA LÍF

MOSFELLSBAKARI.IS
HÁHOLT 13-15
HÁALEITISBRAUT 58-60

MOSFELLSBAKARI

SMÁ AUGLÝSINGAR



Veski í óskilum
Þetta veski varð eftir í brekkunni í Álafoskvos að loknum brekkusöng í túninu heima. Hafið samband í gegnum mofsellingur@mofsellingur.is ef þið kannist við.

Óskilamunir af Tungubökkum
Nú hafa Tungubakkar lagst í vetrardvala eftir líflégt sumar. Allir óskilamunir frá sumrinu eru komnir í íþróttamiðstöðna að Varmá.

Smáauglýsingarnar eru friar fyrir einstaklinga
mofsellingur@mofsellingur.is



**PÚ GETUR
AUGLÝST
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)

Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:
mofsellingur@mofsellingur.is



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT
6. OKT.**

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.
Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.
mofsellingur@mofsellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892 - Komum til að standenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



IcePort

Icelandic Trade Partner

Heyrnartól - Snjallperur - Hátalarar - Hitafatnaður
Brúsar og nestisbox sem halda heitu eða köldu
Leikföng - Snjallúr - Símahulstur og margt fleira

Vefverslun - iceport.is

MG LÖGMENN


Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagdir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað heitir bæjarstjóri
Mosfellsbæjar?




EMMUR:
Regína.



ÁSDÍS:
Guðrún í Bólinu.



LEÓ:
Ég veit það ekki.



ELLI OG RAGGI: Hún heitir
bara Einar eða eitthvað.



VILLI OG SIGGEIR:
Lovísa.




LÁKI:
Regína Ásvaldsdóttir.



Rokk og ról í Laxnesi



Dalbúarnir í hlöðunni



London baby



Víkingaveisla




Stemming í sveitinni



Stuð á Red Line tónleikum



Andri Freyr í San Francisco



Nýgift í Mosó

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Endurfundur hjá '82 árganginum



Meistarafeðgar



Tjaldverðirnir



Ítalska mafían



Funday hjá '90



Skál fyrir þessum meisturum



Íðhúsið tóninu heima



42 km fyrir Reykjadal



**NÝJUNGAR HAFNA SLEIÐ Í GEGN
Á HEIMALEIKJUM AFTURELDINGAR**



Landsliðið á Barion




'82 vinkonurnar úr Gaggó Mos

Hárstofan
Sprey

Sími 5176677
og á noona.is/sprey

Mosfellsbær og Garðabær
Nældu þér í noona appið, þæginnleg leið til að bóka tíma.





ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22*

1. maí til 1. september

**12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22**

*13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24*

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!



MOSFELLSBÆR



www.samanhopurinn.is

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglu-
num þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá
viðurkennndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

Lífið er indaelt ævintýr

Álafosskórinn óskar eftir söngfélögum í allar raddir.
Æft er á miðvikudagskvöldum milli kl. 19.00 og 21.00
í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.

Verkefni vetrarins eru léttar og skemmtilegar
dægurperlur frá ýmsum tímum.

Stefnt er á söngferðalag erlendis næsta vor.

Stjórnandi kórsins er Ástvaldur Traustason.

Upplýsingar veita Helga Björk Edvardsdóttir í síma
897 7606 og Kristbjörg Magnúsdóttir í síma 896 2727
alafoskorinn1980@gmail.com

ÁLAFOSS  KÓRINN
STOFNADUR ÁRÍÐ 1980

ALLT FYRIR ÞIG

Við erum fagmenn í fasteignaviðskiptum



 **ALLT**
FASTEIGNASALA

ALLT fasteignasala
Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími 560 5505
allt@allt.is
allt.is



SÍVINSÆLT SUNDLAUGARKVÖLD

Sundlaugarkvöldin í Lágafellslaug eru alltaf jafn vinsæl meðal fjölskyldufólks. Eitt slíkt fór fram á bæjarhátíðinni í tóninu heima eins og sjá má á myndinni þar sem þessar vinkonur fengu glæsilegar kórónur. Boðið var upp á ýmsar uppákomur og bros birtust á hverju andliti.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur
Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Brynjólfur Jónsson
löggiltur
fasteignasali
898-9791

Þjónusta við
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30



Leirutangi



Glæsileg efri sérhæð í tvíþýli. 256 fm, þar af er tvöfaldur bílskúr 47 fm. Glæsileg lóð og garður. Flott útsýni. Mikil lofthæð og glæsilegar innréttingar. Allt fyrsta flokks. Arinn í stofu. Nýlegar innréttingar og eldhústæki. Hannað af arkitekt. Frábær staðsetning. Eign fyrir vandláta.

Blíðubakki



Mjög vel staðsett hesthús með aðstöðu fyrir 6 hesta. Endahús, steinsteypt og með flottri aðstöðu, kaffistofa, snyrting og hnakkageymsla og hlaða. Kjallari undir húsi. Flott einkagerði. Gott viðhald og góð aðkoma.
Verð: 21 m.

Urðarholt



Flott 91 fm íbúð á 3. og efstu hæð í litlu og vel staðsettu fjölþýli við Urðarholt. Nýtt eldhús og innréttingar. 3 góð svefnherbergi. Nýtt parket. Nýtt gler og gluggar og þakkantur. Húsið allt nýmálað í sumar. Góður garður. Svalir í suður og flott útsýni.
Verð: 59 m.

Grenibygð



Glæsilegt 196 fm einbýlishús á frábærum stað í jaðri skógar í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Húsið er á 1.100 fm eignarlóð við læk í skógivöxnu landi. Stór sólpallur í suður. 3 svefnherbergi og tvö baðherbergi. Hiti er í gólfum. Innangengt í bílskúr. Húsið byggt 2008.